

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 3. TBL. 21. ÁRG. 2015



VIÐTAL VIÐ NÝJAN
FORMANN



HVERSU LANGT NÆR FRELSI LÖG-
MANNA TIL AÐ GAGNRÝNA
DÓMSTÓLA OG EINSTAKA DÓMARA?



Af vettvangi félagsins

Þyrí Steingrímisdóttir:

Leiðari 4

Eva Halldórsdóttir og Katrín Smári Ólafsdóttir:

Hádegisverðarfundur 11. september 2015:

Hversu langt nær frelsi lögmanna til að gagnrýna dómstóla og einstaka dómara?

6

Reimar Pétursson

Pistill formanns 20

Umfjöllun

Guðríður Lára Þrastardóttir og Eyrún Ingadóttir:

Af þjálfun, dyggðum og lögmennsku 10

Þyrí Steingrímisdóttir:

Aðalmálið að standa vörð um hagsmuni lögmanna.

Viðtal við nýja formann LMFÍ 14

Ný stjórn 17

Eva Halldórsdóttir:

Áminningar og afslættir 22

Formannsskipti hjá FKL 25

Aðsent efni

Aðalsteinn Leifsson:

EEA-Lex: Nýr og betri aðgangur að löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins 12

Bjarnfreður Ólafsson:

Hugleiðingar í kjölfar refsidóms 24

Hrannar Már Sigurðsson Hafberg:

Stefnubirting í Lögbirtingablaði 26

Björgvin Halldór Björnsson:

Gerðardómur Alþjóða Körfuknattleikssambandsins 32

Gunnar Ingi Jóhannsson:

Fjórir dómar MDE 35

Á léttum nótum

Af Merði lögmanni 18

Golfsumarið 2015: Verðir réttlætisins sakna kvenna 30

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Þyrí Steingrímisdóttir hrl.

RITNEFND:
Eva Halldórsdóttir hdl.
Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.
Haukur Örn Birgisson hrl.
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMAÐUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Reimar Pétursson hrl., formaður.
Óttar Pálsson hrl., varaformaður.
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., ritari.
Berglind Svavarsdóttir hrl., gjaldkeri.
Árni Þór Þorbjörnsson hdl., meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hallgrímisdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Ingimar Ingason.

LJÓSMYNDARARAR:
Eyrún Ingadóttir og Ingimar Ingason.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:
thyri@acta.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



1975 | Bílabúð Benna | 2015

Bilabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verð og búnaði.



*Ríkulegur staðalbúnaður: *8 girá sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bilstjóra og farþega, hiti í framsætum, stillanleg fjöörun (PASM), Bi-Xenon ljós, 18" álfelgur, fullkomið hljómerfi með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl.

Rafmagns - Porsche!

Á tæknilegri hraðferð inni framtíðina mun Porsche aldrei slá af kröfum sínum um einstaka sporteiginleika og frábæra akstursupplifun hjá ökumanni. Plug-In Hybrid útgáfan af sportjeppanum Cayenne fullnægir þeim markmiðum fullkomlega. Hann getur gengið eingöngu fyrir rafmagni, eingöngu fyrir bensíni eða virkjað báða aflgjafana jöfnum höndum. Plug-In Hybrid er stungið í samband við heimilisrafmagn og hleðslustöð fylgir með bílnum.

Komdu og upplifðu snilldina í Porsche salnum.

Porsche Cayenne S E-Hybrid

Verð: 13.490 þús. kr.*

Porsche Cayenne S E-Hybrid
416 hestöfl • 590Nm tog
Hröðun 5.9 sek. 0-100 km/klst.




PORSCHE



Porsche á Íslandi • Bilabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík • S: 590 2000
porsche@porsche.is • www.benni.is

Opnunartími
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00



Að steyta á skeri

TALSVERT HEFUR VERIÐ rætt og ritað um gæði lögmanna að undanfögnu og þá helst í því samhengi að nokkuð skorti þar á. Þannig hafa þær raddir verið háværar að gæði lögmennskunnar hafi dalað og að ungum og óreyndum lögmönnum fjölgi stöðugt sem án starfsreynslu þjóti inn á sjónarsviðið og valdi tjóni - eða í það minnsta harmi.

Hér er ef til vill heldur vel í lagt í stóryrðunum en frá því verður ekki vikist að staldra við og spyrja: Hvaða kröfur gerum við til lögmanna?

Það hefur lengi verið skoðun þeirrar sem þetta ritar að nauðsynlegt sé að setja starfsreynsluskilyrði fyrir því að mega þreyta prófraun til að fá réttindi sem héraðsdómslögmaður. Byggist sú skoðun fyrst og fremst á því að það verði að gera meiri kröfur til þeirra sem fá slík starfsréttindi en einungis þær að viðkomandi hafi lokið háskólaprófi í faginu. Spurningin hlýtur að vera sú hvort það sé rétt og edilegt að lögfræðingur geti öðlast málflutningsréttindi án þess að hafa nokkurn tímann stigið fæti inn á lögmannsstofu eða þess þá heldur í réttarsal?

Við gerum til að mynda þær kröfur til lækna að þeir hafi þreytt kandiðatsár áður en þeir fá sín starfsréttindi og geti starfað á eigin ábyrgð sem læknar. Kandiðatsárið fer í að læra að vinna við fagið undir handleiðslu eldri og reyndari kollega og nota vitneskjuna sem mörg ár tók að læra og lesa. Flestum myndi þykja það fráleitt að ætla lækni að hitta sjúklinga, sjúkdómsgreina og jafnvel skera upp án þess að hafa nokkurn tímann stigið fæti inn á sjúkrastofnun.

Eins og gefur að skilja eru skiptar skoðanir um starfsreynsluskilyrði meðal lögmanna. Nýkjörinn formaður hefur tjáð sig um það í fjölmiðlum og nú í viðtali í Lögmannablaðinu. Þá er jafnframt fjallað um málefnið í blaðinu á nokkuð breiðum grunni og m.a. gerð grein fyrir því hvernig fyrirkomulagið er á Norðurlöndunum. Ef til vill er rétt að stíga varlega til jarðar og byrja á því að gera starfsreynslu að skilyrði fyrir því að starfa sjálfstætt, þó það sé ekki gert að skilyrði fyrir öflun réttindanna. Jafnframt mætti skoða hvort koma ætti upp eins konar kandiðatsári sem hluta laganáms. Þá verður að hafa í huga

að reynslulausum eða reynslulitum lögmönnum verður auðvitað aldrei kennt um allt sem aflaga hefur farið innan stéttarinnar, enda getur reynsla aldrei orðið trygging fyrir gæðum.

Á endanum er það umbjóðandans að velja sér lögmann. Ef lögmaðurinn stendur ekki undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar af hálfu umbjóðandans mun hann varla endast lengi í praxís og þar með ætti vandamálið að leysast að sjálfu sér. Ritstjóri vill þó taka undir með formanni LMFÍ sem bendir réttilega á að það geti aldrei verið einkamál umbjóðandans og lögmannsins hvort og hvernig mál hans er rekið fyrir dómstólum. Við hljótum að gera meiri kröfur til þeirra sem hafa lögmansréttindi en að þeir megi svo sem spreyta sig við að sigla á opnu hafi, allt þar til þeir steyta á skeri með tilheyrandi tjóni.



MEIRI LÖGFRÆÐILEGUR TÍMI

Við trúum því að aukinn tími til lögfræðilegra verkefna sé leiðin að því að verða betri lögmaður og reka betri stofu. Við trúum því einnig að hugbúnaður eigi að sjá um sem mest af handavinnu lögmannna, allt frá tímaskráningu að innheimtustarfsemi.

Við höfum þróað Manor í samvinnu við íslenska lögmennt frá árinu 2012 og útkoman er hugbúnaður sem skapar mikil verðmæti hjá okkar viðskiptavinum.



Róbert R. Spanó, framsögumaður.



Um 60 manns voru á fundinum.

Hversu langt nær frelsi lögmanna til að gagnrýna dómstóla og einstaka dómara?

FÖSTUDAGINN 11. SEPTEMBER 2015 var haldinn hádegisverðarfundur á Grand Hótel Reykjavík á vegum Lögmannafélags Íslands sem bar yfirskriftina „Hversu langt nær frelsi lögmanna til að gagnrýna dómstóla og einstaka dómara?“ Framsögumaður var Róbert R. Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, og fundarstjóri Reimar Pétursson hrl. og formaður Lögmannafélagsins.

Þróun á Íslandi

Róbert vék í upphafi að þeirri þróun sem orðið hefur hérlendis í kjölfar bankahrunsins og málum því tengdu sem felst í því að lögmenn hafa í auknum mæli tjáð sig opinberlega um hið íslenska réttarkerfi. Í því sambandi hafi verið settar fram bæði áleitnar spurningar og fullyrðingar um íslenska dómskerfið og burði þess til að takast á við mál er tengjast hruninu. Undanfarin misseri hafi lögmenn og lögfræðingar einnig tjáð sig um störf einstakra dómstóla, dómara og embættismanna bæði varðandi einstök mál og með almennari hætti.

Í kjölfarið hafi umræðan um hvar mörk tjáningarfrelsisins liggja í slíkum tilfellum komist í brennidepil og ekki síst í kjölfar nýlegs dóms yfirdeildar

Mannréttindadómstóls Evrópu („MDE“) frá 23. apríl síðastliðnum í málinu nr. 29369/10, *Morice* gegn Frakklandi, þar sem reyndi á tjáningarfrelsi fransks lögmans og mörk þess. Dómurinn er álitinn stefnumarkandi um mörk tjáningarfrelsis lögmanna þegar gagnrýni beinist að dómstólum og einstökum dómurum.

Morice gegn Frakklandi

Í málinu reyndi á þær takmarkanir sem tjáningarfrelsi franska lögmansins *Morice* hafði þurft að sæta með áfellingisdómum í heimaríkinu á hendur honum vegna tiltekinna ummæla sem birst höfðu í dagblaði.

Um var að ræða ummæli sem viðhöfð voru um vinnubrögð og störf tveggja dómara sem rannsökuðu lát annars fransks dómara sem hafði fundist látinn í Afríkuríkinu Djibouti. *Morice* var lögmaður ekkju dómarsins sem í upphafi var talinn hafa tekið eigið líf, en ekkjan taldi það málum blandið. Rannsóknardómurinum tveimur var síðar vikið frá málinu og rannsókn andlátsins falin nýjum dómara. Dómariinn sem tók við rannsókn málsins aflaði frekari gagna en hinir fyrri höfðu lagt til grundvallar sem m.a. leiddi til þess að *Morice* óskaði eftir rannsókn innanríkisráðherra á störfum dómara

tveggja sem upphaflega fóru með málið. Af því tilefni birtist í dagblaði umfjöllun þar sem m.a. var haft eftir *Morice* að hinir upphaflegu rannsóknardómarar hefðu með hegðun sinni farið á skjön við meginreglur um óhlutdrægni og sanngirni. Í ljós hefði komið að þeir hefðu setið á gögnum þegar málið var afhent öðrum dómara og átt í óeðlilegum samskiptum við saksóknara í Djibouti. Þeir hefðu sýnt af sér athæfi sem lögmaðurinn taldi „svívirðilegt“. Rannsóknardómararnir töldu ummælin meiddandi og á grundvelli kæru þeirra var gefin út ákæra á hendur lögmanningnum, blaðamanningnum og útgefandanum.

Ákæran leiddi til sakfellingisdóms franska dómstóla á hendur öllum kærðu en ummælin voru talin ærumeiddandi og til þess fallin að sverta nöfn, mannorð og heiðarleika umræddra dómara. Var þeim sem taldir voru ábyrgir fyrir ummæluum gert að greiða dómurinum miskabætur auk sektargreiðslu ríkissjóð.

Lögmaðurinn *Morice* taldi tjáningarfrelsi sitt hafa verið skert með niðurstöðum dómstólanna og var málið tekið til skoðunar hjá MDE. Deild MDE (*e. Chamber*) féllst ekki á mála-tilbúnað lögmansins og taldi skerðingu tjáningarfrelsis hans hafa verið réttlæt看lega þar eð hann hefði farið út fyrir þau mörk sem hann hefði sem lögmaður til að gagnrýna dómskerfið



NÝTT UPPHAF

VIÐ KYNNUM
NÝJAN VOLVO XC90
VERÐ FRÁ 10.590.000 KR.

MADE BY SWEDEN
VOLVO.IS



Jón Steinar Gunnlaugsson.



Ragnar Aðalsteinsson.



Ragnar H. Hall.

og dómara. Ummælin, sem hefðu að geyma alvarlegar ásakanir, hefðu bæði falið í sér gildisdóma og fullyrðingar sem hefðu verið til þess fallnar að draga í efa óhlutdrægni og heiðarleika viðkomandi dómara.

Stefnumarkandi dómur

Yfirdeild MDE, (*e. Grand Chamber*) fjallaði í framhaldinu um málið, sem er fyrsta sinnar tegundar sem dæmt hefur verið í yfirdeildinni. Í umfjöllun hennar var áréttað að lögmenn gegni lykilstöðu og spili stóran þátt í því að dómstólar njóti trausts almennings og að sú staða hafi áhrif á mörk tjáningarfrelsis þeirra. Sú sérstaða útiloki þó ekki rétt lögmanna til að tjá sig opinberlega um dómskerfið og einstaka dómara, með tilteknum takmörkunum þó. Var niðurstaða yfirdeildarinnar að franska ríkið hefði brotið gegn 10. gr. MSE.

10. gr. MSE

Að lokinni umfjöllun um dóminn vék Róbert að hinni sérstöku stöðu lögmanna innan réttarkerfisins og hvernig sú staða hafi áhrif á túlkun meginreglunnar um tjáningarfrelsi sem birtist í 10. gr. Mannréttindasáttmálans. Þegar um sé að ræða lögmenn verði sérstaklega að hafa hliðsjón af orðalagi 2. mgr. ákvæðisins en þar eru skorður á tjáningarfrelsi manna m.a. heimilaðar í því skyni að „tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla“.

Róbert vakti athygli á því að ekki væri að finna sambærilegt ákvæði í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar þar sem berum orðum væri lýst því markmiði að tryggja vald og óhlutdrægni

dómstóla. Þrátt fyrir það teldi hann ótvírætt að túlka beri umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar í samræmi við ákvæði mannréttindasáttmálans.

Róbert áréttaði að lögmenn hefðu lykilhlutverki að gegna við að tryggja að dómstólar nytu trausts almennings í lýðræðisþjóðfélagi, einkum í ljósi þess að þeir væru milliliðir almennings og dómstóla. Hins vegar yrðu dómara, sem opinberar persónur, að þola gagnrýni sem kynni að ganga lengra og vera harðari en réttlæt看legt kynni að vera í garð almennra borgara. Þannig nytu lögmenn vitanlega tjáningarfrelsis, rétt eins og allir aðrir, en hið sérstaka hlutverk lögmanna innan réttarkerfisins fæli í sér margvíslegar skyldur, einkum hvað varðaði framferði þeirra.

Vernd tjáningarfrelsis innan og utan dómþings

Róbert skýrði frá helstu forsendum dóms yfirdeildar MDE og hvernig þar væri gerður skýr greinarmunur á tjáningarfrelsi lögmanna eftir því hvort um væri að ræða ummæli innan dómþings eða utan. Róbert lýsti þeim skilningi sínum á dómnum að í honum fælist að tjáningarfrelsi lögmanna innan dómþings væri allt að því óheft, enda væri það lögbundið hlutverk lögmanna að berjast fyrir hagsmunum skjólstaðinga sinna.

Utan dómþings yrðu lögmenn hins vegar að gæta sín frekar. Þannig kæmi fram hjá yfirdeildinni að ummæli í formi fullyrðinga, sem styddust ekki við viðhlítandi grundvöll, væru misvísandi eða blekkjandi, fælu í sér móðganir eða væru jafnvel tilefnislausar árásir

á persónu dómara, nytu ekki verndar á grundvelli tjáningarfrelsis. Öðru máli kynni að gegna um ummæli og gagnrýni sem beindist að dómskerfinu sem slíku og stofnunum ríkisins, en MDE viðurkennir ekki æruvernd slíkra stofnana með sama hætti og einstaklinga og annarra lögpersóna.

„Standa upp í stafni, stýra dýrum knerri“

Róbert fór ítarlega yfir þau fimm greiningarviðmið sem lágu til grundvallar mati yfirdeildarinnar á því hvort skerðing á tjáningarfrelsi lögmansins hefði verið réttlæt看leg.

Líta þyrfti til tengsla viðkomandi við það mál sem hann tjáði sig um og stöðu málsmeðferðar þegar ummæli hafi komið fram, hvort ummælin væru liður í umræðu í þágu almannahagsmuna, hvort um væri að ræða fullyrðingu eða gildisdóm (eðli ummælanna), samhengi þeirra og að endingu þeirra víðurlaga sem beitt hefði verið í tilefni af ummæluum. Af þessu tilefni nefndi Róbert að hans mat væri að íslenskir dómstólar hefðu ekki gert viðmiðinu um samhengi ummæla nægilega góð skil í þeim fjórum dómsmálum sem nýlega hefðu komið til kasta MDE.

Róbert kvaðst telja að þessi dómur yfirdeildarinnar veitti nokkuð góða innsýn inn í hvernig dómstóllinn muni meta tjáningarfrelsi lögmanna í framtíðinni. Vitnaði hann í lokaorð dómsins, þar sem fram kemur að ógerlegt sé að starfrækja dómstóla ef ekki eru til staðar samskipti sem byggist á tillitsemi og gagnkvæmri virðingu milli hinna mismunandi aðila sem starfi innan

kerfisins, þar sem dómara og lögmenn stæðu fremstir í stafni.

Lögmenn taka til máls

Í kjölfar framsögu Róberts stígu í pontu Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. og fyrrum dómari við Hæstarétt Íslands, Ragnar H. Hall hrl., Ragnar Aðalsteinsson hrl. og Gestur Jónsson hrl.

Voru þeir á einu máli um að ríkustu skyldur lögmanna væru við skjólstæðinga sína, en ekki réttarkerfið sem slíkt, þó lögmenn væru vissulega hluti af því kerfi. Mikilvægt væri að lögmenn hefðu kjark til þess að gagnrýna dóma og að dómurum væri beinlínis skylt að þola þá gagnrýni, m.a. með vísan í mál Morice gegn Frakklandi. Það væri óviðunandi að lögmenn skirtust við að gera athugasemdir við þá dóma sem falla vegna hræðslu við að slík gagnrýni kunnri að hafa áhrif á skjólstæðinga þeirra til framtíðar.

Jón Steinar brýndi fyrir fundarmönnum að herða upp hugann, sýna kjark og hafa þor til þess að gagnrýna dóma Hæstaréttar. Gestur Jónsson tók undir þetta og minnti á mikilvægi þess að dómstólar fengju aðhald frá lögmönnum, enda væri engum öðrum til að dreifa til að gegna því hlutverki í opinberri umræðu.

Ragnar Aðalsteinsson gerði að umtalsefni breytingar á reglum um málsmeðferð fyrir Hæstarétti og hvernig sífellt væri þrengt að ræðutíma lögmanna. Reglunum væri ætlað að draga úr hlutverki lögmanna og að sú afstaða Hæstaréttar til lögmanna væri til þess fallin að valda mistökum. Gæði dóma væri ætíð afleiðing af góðu samstarfi milli dómara og lögmanna.

Að lokum steig Róbert R. Spanó í pontu að nýju. Áréttaði hann mikilvægi þess að skapaður yrði sameiginlegur vettvangur fyrir dómara og lögmenn

til þess að ræða þessi brýnu álitafni. Lýsti hann því hvernig gagnrýni á dómstóla og dómara færi fram með mun harkalegri hætti í Evrópu en hérlandis. Róbert ítrekaði mikilvægi þess að lögmenn gagnrýndu úrlausnir dómara, en ekki væri síður mikilvægt að gagnrýnin beindist að dómunum sjálfum og forsendum þeirra.

Talsverður fjöldi félagsmanna lagði leið sína á Grand Hótel þetta hádegið og virtust fundarmenn á einu máli um að sú umræða sem skapast hefði verið væri afar þörf. Er óhætt að segja að ýmis athyglisverð sjónarmið og staðreyndir hafi komið fram á þessum fyrsta hádegisverðarfundum vetrarins hjá Lögmannafélaginu.

*Eva Halldórsdóttir, hdl.
Katrín Smári Ólafsdóttir, hdl.*

Varðveislu trúnaðarupplýsinga lýkur með eyðingu þeirra





Hdl. útskrift 2015.

Af þjálfun, dyggðum og lögmennsku

„DYGGÐIR LÆRAST EKKI nema með því að iðka þær,“ sagði Reimar Pétursson formaður Lögmannafélagsins í viðtali á RÚV þann 25. júní sl. Þar sem fjallað var um reynslulitla lögmenn sem reka eigin stofur. Reimar sagði að menn hefðu enga tryggingu fyrir því að þeir sem starfa sem lögmenn kunni sitt fag og það væri áhyggjuefni. Töluverðar umræður sköpuðust hjá lögmönnum vegna ummælanna og tóku margir undir með Reimari. Aðrir töldu hins vegar ástæðulaust að gera starfsreynslu að skilyrði fyrir því að menn stofnuðu sjálfstæðan rekstur, fimm ára laganám auk prófraunar væri nóg. Fjallað var um málið í leiðara Fréttablaðsins þann 27. júní síðastliðinn þar sem fram kom gagnrýni á laganám á Íslandi sem væri einsleitt og dýrt fyrir samfélagið ef lögmenn ættu að ljúka þjálfun sinni fyrir dómstólum þar sem mistök geti kallað á frávisun máls. Lögmannaþingið velti fyrir sér hvort setja ætti starfsreynsluskilyrði fyrir lögfræðinga sem vilja verða lögmenn og stofna eigin lögmennsstofu.

Krefjandi námskeið og mikið fall

Alls útskrifast um 160 manns með meistaraáráðu í lögfræði árlega á Íslandi. Síðan lagadeildum fjölgaði hefur ásókn á námskeið til réttinda til að verða héraðsdómslögmaður, hdl. námskeið, aukist mikið og lögmönnum fjölgað að sama skapi. Lögfræðingar sem ekki hafa fengið vinnu að loknu námi hafa sumir farið á hdl. námskeiðið til þess að auka starfsmöguleika sína og því bregður jafnvel við að nýútskrifuðum lögfræðingum finnist þeir ekki hafa lokið námi nema að ljúka fyrst hdl. prófi hvort sem þeir ætli að stunda lögmennsku í framtíðinni eða ekki. Sömuleiðis hækka lögfræðingar, sem starfa hjá hinu opinbera, um launaflokka ef þeir hafa aflað sér lögmennsréttinda jafnvel þótt þeir nýti þau ekki.

Hdl. námskeiðið þykir þungt en þrátt fyrir að ekki sé krafist neinnar starfsreynslu af lögfræðingum áður en þeir sækja námskeiðið, segja flestir viðmælendur Lögmannaþingsins að starfsreynsla komi sér vel. Tvö námskeið eru haldin á ári, með um 50 nýjum þátttakendum í hvort sinn. Að meðaltali fellur ríflega helmingur lögfræðinga í

einu eða fleiri fögum og þarf því að taka próf upp aftur á næsta námskeiði. Þetta hlutfall er nokkuð hátt en ekki hefur verið gerð könnun á því hvort þeir sem hafa unnið við lögfræðistörf standist prófin frekar en hinir. Bent hefur verið á að hjá læknum og í vel flestum iðngreinum er krafist starfsreynslu áður en starfsréttindi fást og lögmenn, sem sýsla oft á tíðum með aleigu og örlög fólks, ættu ekki að vera þar undanskildir.

Mismunandi reglur á Norðurlöndum

Í nágrannalöndunum þurfa lögfræðingar að hafa aflað sér starfsreynslu áður en þeir verða lögmenn. Í Danmörku og Svíþjóð er gerð krafa um þriggja ára starfsreynslu af lögfræðistörfum áður en menn fá leyfi til að starfa sem lögmenn og í Noregi er gerð krafa um a.m.k. tveggja ára starfsreynslu af nánar tilteknum lögfræðistörfum áður en menn öðlast heimild til að starfa sem lögmenn.

Stóru stofurnar vilja starfsreynslu

Nokkrar af stærstu lögmennsstofum landsins vilja að lögfræðingar, sem hjá

þeim starfa, hafi unnið í einhvern tíma áður en þeir fara á hdl. námskeiðið, jafnvel í eitt til tvö ár. Í samtali við Lögmannablaðið sögðu forsvarsmenn nokkurra þeirra að námskeiðið nýttist lögfræðingunum betur þegar þeir hefðu starfsreynslu og þeir sendu ekki lögfræðinga á það fyrr en þeim þættu þeir vera tilbúnir. Lengi vel hafi viðhorfið verið að best væri að ljúka námskeiðinu af en það hefði nú breyst. Einn þeirra sagði starfsreynslu í skjala- og álitsgerðum nýtast þeim gríðarlega vel á hdl.-námskeiðinu en það væru mestu fallfögin. Ennfremur skilaði betri árangri að hafa farið með einhverjum í dómssal og vita aðeins hvað lögmennskan fjallaði um. Karl Axelsson hrl. hjá Lex, hefur lengi verið prófdómari í lögfræðilegri álitsgerð á hdl.-námskeiðinu og segir þá sem koma beint úr skóla verr í stakk búna til að ná prófinu. „Starfsreynsla er tvímælalaust til bóta og ég er því algjörlega hlynntur að farið yrði að krefjast hennar af lögfræðingum áður en þeir fara á hdl. námskeiðið,“ sagði hann.

Aðrir viðmælendur Lögmanna- blaðsins bentu á að lögmennsstofurnar vildu fullvissa sig um að um framtíðarstarfsmenn væri að ræða áður en þeir væru sendir á lögmanna námskeiðið. Námskeiðið væri tímafrekt og dýrt auk

þess sem hdl. réttindin leiða oftast nær til launahækkunar. Þessar ástæður vægu einnig þungt þegar ákveðið væri hvenær lögfræðingar sæktu það.

Lögmennska ekki meðfæddur hæfileiki

Ólíkar skoðanir eru meðal lögmanna á því hvort gera eigi starfsreynslu að skilyrði til að fá lögmennsréttindi. Sumir hafa velt upp spurningunni hveirra hagsmuna þeir sem eru því fylgjandi séu að gæta? Hvort raunverulega sé verið að gæta hagsmuna almennings, sem nýtir sér þjónustu lögmanna, eða hagsmuna starfandi lögmanna sem hafi áhyggjur af fjölgun í stéttinni og þeim afleiðingum sem hún getur haft á starfsumhverfi lögmanna. Umræðan sé til þess fallin að skerða enn frekar traust almennings á lögmennastéttinni en staðreyndin væri sú að langstærstur hluti lögmanna, jafnt ungra sem eldri, sinntu störfum sínum vel.

Þá veltu nokkrir lögmenn sem rætt var við upp spurningum um hvers eðlis sú starfsreynsla yrði sem ætti að krefjast. Aðstaða nýútskrifaðra lögfræðinga til þess að fá vinnu við lögfræðistörf væri mismunandi og til dæmis gæti krafa um starfsreynslu lokað á möguleika þeirra lögfræðinga sem ekki hefðu tengslanet

innan stéttarinnar, s.s. ættingja eða vini. Gæta þyrfti þess að ný útskrifuðum lögfræðingum gæfust jöfn tækifæri til að afla sér starfsreynslu og tryggja þyrfti að þau störf sem um væri að ræða öfluðu þeim raunverulegar reynslu sem skilaði sér í auknum gæðum og betri lögmönnum.

Einn lögmaður, sem starfað hefur á eigin stofu í bráðum 40 ár, sagði augljóst að krefjast þyrfti starfsreynslu því að lögmennska væri ekki meðfædd og aldrei yrði unnt að kenna nema ákveðna þætti í háskólanámi eða á námskeiði. Hann benti á að engum dytti í hug að fara til tannlæknis sem aldrei hefði lært að gera við tennur nema eftir leiðbeiningum í bók.

Nýir lögmenn opna stofu

Einstaka lögmenn hafa stofnað eigin lögmennsstofu um leið og þeir hafa fengið lögmennsréttindi, jafnvel án þess að hafa reynslu af lögmennsstörfum. Ástæður þess eru mismunandi en dæmi eru um lögmenn sem hafa árangurslaust leitað að starfi á lögmennsstofu og hafa því séð sig knúna til að opna eigin stofu.

Á Norðurlöndunum eru gerðar mismunandi kröfur til lögmanna sem ætla að stofna eigin stofu. Í Danmörku þurfa lögmenn til að mynda að hafa



Mörkin lögmennsstofa hf.

Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík

Gestur Jónsson hrl.
Ragnar Halldór Hall hrl.
Gunnar Jónsson hrl.
Hörður Felix Harðarson hrl.
Einar Þór Sverrisson hrl.
Gísli Guðni Hall hrl.
Geir Gestsson hdl.

Fulltrúar:
Almar Þór Möller hdl.
Árni Gestsson hdl.
Hildur Leifsdóttir hdl.
Hilmar Gunnarsson hdl.
Védís Eva Guðmundsdóttir lögfr.

Sími 414 4100 · Fax 414 4101

www.law.is



ADVEL

lögmenn

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Iceland

(+354)520 2050
advel@advel.is
advel.is

ADVEL LÖGMENN ERU

Anton Björn Markússon hrl.
Davíð Örn Sveinbjörnsson LL.M. | hdl.
Fanney Finnsdóttir lögfræðingur
Guðmundur Siemsen hdl.
Gunnlaugur Úlfsson hdl.
Hrafnhildur Kristinsdóttir LL.M. | hdl.
Jóhanna Katrín Magnúsdóttir LL.M. | hdl.
Jón Ögmundsson JD | hrl.
Kristinn Hallgrímsson hrl.
Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl.
Margeir Valur Sigurðsson hdl.
Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl.
Sigrún Helga Jóhannsdóttir hdl.
Sigurður Valgeir Guðjónsson hdl.
Snorri Stefánsson hdl.
Stefán Þór Ingimarsson LL.M. | hdl.
Telma Halldórsdóttir MA | hdl.
Valgerður B. Eggertsdóttir LL.M. | hdl.
Þórdís Bjarnadóttir hdl.

starfað sem fulltrúar lögmanns eða undir handleiðslu annars lögmanns í a.m.k eitt ár til þess að fá leyfi til að stunda sjálfstæðan rekstur, sem einyrkjar, meðeigendur eða í hópi annarra lögmannna. Þetta ár kemur ofan á þriggja ára starfsreynslu sem lögfræðingar hafa þegar þeir fá hdl. réttindin.

Einn ungur lögmaður sem hóf sjálfstæðan rekstur nýverið, án teljandi starfsreynslu, taldi að ungir og reynslulitlir lögmenntu oft fólki sem erfitt ætti með að fá þjónustu hjá eldri og reyndari lögmonnum. Þeir væru sumir hverjir ofhlaðnir verkefnum og sýndu efnaminni einstaklingum með óvenjuleg og erfið mál lítinn áhuga. Annar ungur lögmaður, sem hóf sjálfstæðan rekstur strax að lokinni útskrift úr háskóla, taldi það alls ekki vera fyrir alla að hefja sjálfstæðan rekstur án starfsreynslu. Hann

taldi að reynsla væri ekki endilega ávísun á góða lögmannsþjónustu og að lokum yrðu menn dæmdir af verkum sínum. Báðir þessir ungu lögmenntu voru þó sammála um að nauðsynlegt væri fyrir reynslulitla lögmenntu að hafa aðgengi að sér eldri og reyndari lögmonnum.

Að lokum

Verði gerð breyting á lögum um lögmenntu í þá átt að starfsreynsla verði gerð að skilyrði fyrir veitingu leyfis til þess að flytja mál fyrir héraðsdómi mun það hægja á fjölgun lögmannna. Þá mun meðalaldur í stéttinni hækka. Breytingin gæti haft aðrar afleiðingar í för með sér og hættan er sú að lögfræðingar sem ekki eiga ættingja eða vini sem starfa sem lögmenntu muni eiga erfitt með að afla sér starfsreynslu. Einnig má velta fyrir sér hvort og þá hvaða afleiðingar

slík breyting hefði fyrir fjölgun kvenna í stéttinni. Flestir geta þó verið sammála um að reynslan spillir aldrei fyrir, og nauðsynlegt sé fyrir reynslulitla lögmenntu að fá leiðsögn hjá reyndum lögmonnum. Að mati höfundna hníga sterk rök að því að gera starfsreynslu að skilyrði fyrir því að opna eigin stofu eða gerast meðeigandi á lögmannsstofu en heimila nýútskrifuðum lögmonnum að ljúka hdl. námskeiði og starfa sem fulltrúar á stofum án þess að afla sér starfsreynslu áður. Hins vegar er mikilvægt að staldra við og kanna hvort reynsluleysi sé raunverulegt vandamál hér á landi og hvort reynslulitlir lögmenntu geri í raun fleiri axarsköft en reynslumeiri kollegar þeirra.

*Guðrjúður Lára Þrastardóttir hdl.
Eyrún Ingadóttir.*

EEA-Lex: Nýr og betri aðgangur að löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins

EFTA HEFUR HLEYPT af stokkunum þjónustu sem gjörbreytir aðgangi að gerðum Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og löggjöf sem EES-EFTA ríkin hafa til skoðunar að taka upp í samninginn, www.efta.int/eea-lex.

EEA-Lex er gagnvirk vefsíða sem býður upp margvíslega leitarmöguleika á íslensku, auk ensku. Hægt er að leita eftir orðum í titli eða meginmáli löggjafarinnar eða ákvörðunar sameiginlegu EES nefndarinnar (EEA Joint Committee) um að taka löggjöfina inn í samninginn bæði í enskri útgáfu og íslenskri. Þar sem ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kunna að fela í sér breytingar, aðlögunartexta eða undanþágur frá löggjöf ESB, er nauðsynlegt kynna sér innhald þeirra til að sjá hvernig löggjöfin hefur verið tekin upp í EES-samninginn. Einnig er

hægt að síja leitarniðurstöður eftir því hvar í upptökuferlinu gerðirnar eru, tegund löggjafar, málaflokk og árinu sem löggjöfin var tekin upp. Þannig er hægt að fá heildaryfirsýn yfir löggjöf á einstaka sviðum samningsins, hvort heldur lítið er til löggjafar sem er í gildi, löggjafar sem var í samningnum en er fallin úr gildi eða löggjafar sem kann að vera á leið inn í samninginn.

Þó að leit á ensku skili flestum niðurstöðum, þá sýnir leit á íslensku allar gerðir sem hafa þegar verið þýddar og gefnar út í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins <<http://www.efta.int/publications/eea-supplements>>.

Út frá leitarniðurstöðum er notendum vísað á upplýsingasíður um einstakar gerðir. Þessar síður eru stakar síður með einstökum URL netföngum sem er því einnig hægt að finna með leit í gegnum Google og aðrar leitarvélur.

Gagnagrunnur EEA-Lex er uppfærð-

ur daglega þar sem notast er við upplýsingar úr innri lagagagnagrunni EFTA.

Síðan EES-samningurinn tók gildi fyrir rúmlega 20 árum síðan hefur hafa rúmlega 10.000 tilskipanir, reglugerðir og ákvarðanir ESB verið teknar upp í EES-samninginn, þar af eru um 5.000 í gildi í dag. Á sama tíma er fjöldi nýrra gerða til skoðunar hjá EES EFTA ríkjunum fyrir væntanlega upptöku í samninginn.

Hægt er að skoða EEA-Lex gagnagrunninn á <http://www.efta.int/eea-lex/>. Einnig er hægt að fá fréttir af EFTA í gegnum Twitter <<https://twitter.com/EFTAsecretariat>>, Facebook <<https://www.facebook.com/eftasecretariat>> og í gegnum fréttabréfið okkar <<http://www.efta.int/about-efta/newsletter>>.

*Aðalsteinn Leifsson, skrifstofustjóri
hjá EFTA.*

Stefnan ræður áfangastaðnum

Vönduð Einkabankþjónusta

stjórnast af markmiðum viðskiptavinarins

Einkabankþjónusta Arion banka veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum viðtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

- Þinn eigin viðskiptastjóri sem sér um þitt eignasafn og fjárfestir samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu.
- Sterk tengsl við viðskiptastjóra með símtölum, tölvupósti og reglulegum fundum sé þess óskað.
- Ítarleg ársfjórðungsleg yfirlit um stöðu og ávöxtun.
- Viðskiptavinum Einkabankþjónustu býðst að nýta sér Vildarþjónustu Arion banka.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í **síma 444 7410** eða sendu póst á einkabankathjonusta@arionbanki.is.

Arion Einkabankþjónusta

 Arion banki



Nafn: Reimar Pétursson hrl.
Vinnustaður: Lögmann Lækjargötu
Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? 17 ár
Sérhæfing í lögmennsku: Dómsmál
Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? tæplega hálf tveggja ár
Hver eru helstu áhugamál þín? Hlaup, skíði, veiði og lestur
Fjölskylduhagir: Giftur Björgu
Vígfúsdóttur ljósmyndara
Börn: Þrjú börn, fjögurra, sjö og níu ára.

Aðalmálið að standa vörð um hagsmuni lögmannanna

Viðtal við nýjan formann LMFÍ

REIMAR PÉTURSSON HRL. er nýkjörinn formaður Lögmannafélags Íslands. Reimar útskrifaðist úr lagadeild Háskóla Íslands árið 1998 og fékk málflytningarréttindi fyrir héraðsdómi sama ár. Reimar starfaði fyrst eftir útskrift sem fulltrúi hjá hæstaréttarlögmannnum Jóni Steinari Gunnlaugssyni og Karli Axelssyni. Hann fór svo í framhaldsnám í Columbia háskólanum í New York 2002-2003 og fékk lögmannsréttindi þar 2004. Eftir heimkomu snéri Reimar aftur til lögmannsstarfa og kláraði hæstaréttarlögmannsréttindin 2004. Árið 2005 fór hann að starfa í fjármálageiranum en snéri sér aftur að lögmannsstörfum eftir hrun.

Hann sinnti um hríð sérverkefnum vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar en snéri sér aftur að hefðbundinni lögmennsku árið 2010 þegar hann stofnaði Lögmann Lækjargötu ásamt fleirum. Hann hefur starfað þar óslitið síðan, fyrst og fremst við rekstur dómmála á sviði fjármála og viðskipta.

Ritstjóri Lögmannablaðsins settist niður með formanninum einn góðviðrisdag í ágúst á skrifstofu hans í miðbænum. Það lá beinast við að spyrja fyrst hvers vegna hann gaf kost á sér til formennsku.

„Ég var formaður laganeftardar LMFÍ um skeið og vann þannig að málefnum félagsins. Mér fannst það verkefni áhugavert en það hefur að mörgu

leyti verið sótt að lögmannastéttinni undanfarin ár að mínu mati og það var ýmislegt sem því tengdist sem kom inn á borð laganeftardar. Þegar það lá fyrir að Jónas myndi hætta var nefnt við mig hvort ég hefði áhuga á að gefa kost á mér til formennsku og ég ákvað að slá til.“

Þú segir að það sé sótt að lögmannastéttinni. Hvað áttu við með því?

„Til dæmis mál sem varða trúnað lögmannanna og að ekki sé borin nægjanleg virðing fyrir þeim mikilvæga þætti. Þá eru líka dæmi þess að lögfræðingar séu farnir að veita lögmannsþjónustu. Ég tel það áhyggjuefni ef menn eru að kynna sig sem lögmann án þess að vera það því það grefur undan stéttinni. Það

ríkir skilningsleysi á því hvað reynsla og menntun lögmanna stendur fyrir. Dæmi um það er að á síðasta þingi var felld burt úr lögum aldagömul heimild lögmanna til að vera löggiltir fasteignasalar. Enginn áttar sig á því að það eru lögmenn sem sjá um flóknustu fasteignaviðskiptin og þegar eitthvað bregður útaf varðandi fasteignaviðskipti í höndum löggiltra fasteignasala er kallað á lögmenn. Á sama tíma má ekki treysta lögmönnum fyrir slíkri löggildingu. Þetta er að mínu mati óskiljanlegt.“

Reynsluleysi getur valdið háska

Það var haft eftir þér í fjölmiðlum fyrr á þessu ári að þú teldir þörf á að að setja skilyrði um starfsreynslu áður en lögfræðingar geti öðlast málflutningsréttindi. Af hverju telur þú þess þurfa?

„Ef við ætlum að hafa það kerfi til öflunar lögmennsréttinda sem við búum við núna þá hljótum við að vilja

haga því þannig að það sé eitthvað raunverulegt á bakvið réttindin. Ef það á að vera hægt að taka út réttindi án nokkurrar starfsreynslu þá er það beinlínis háskalegt. Dyggðir læra menn með því að iðka þær, sagði Aristóteles. Þannig getur það verið háskalegt að menn séu farnir að starfa sjálfstætt sem lögmenn án þess að hafa gengið í gegnum nokkra skólun hjá sér eldri og reyndari mönnum eða yfir höfuð starfað við fagið. Þetta varðar svosem ekki einungis nýliðana í stéttinni því að það eru alveg dæmi um að lögmenn sem hafa verið í stéttinni ansi lengi séu búnir að missa sjónar á því hverjar starfsdyggðirnar eru. Það þarf að huga betur að því hvernig á að taka á því. Reynslan er ekki endilega ávisun á gæði en reynsluleysi getur verið hættulegt. Þetta er umhugsunarefni ekki síst vegna þess að það er ekki hægt að líta svo á að störf lögmanna séu einkamál lögmennsins og viðskiptavinarins. Ef um er að ræða lögmenn sem leggur mál fyrir dómstóla sem ekki á heima

þar þá er ekki bara verið að sóa tíma dómstóla, heldur einnig annarra lögmanna, skapa gagnaðilanum tjón og beinlínis vinna gegn almannahag. Maður heyrir alltaf meira og meira af málum sem eiga hreinlega ekki heima í dómstólum, þau eru illa fram sett og það hefur í engu verið ígrundað hvort málsgrundvöllurinn sé til staðar. Ég tel það skyldu hvers lögmenns að meta hvort hagsmunirnir séu með þeim hætti að málið og málstaðurinn sé þess verður að dýrmætur tími dómstólanna eigi að fara í að leysa úr því. Ég er hlynntur samkeppni milli lögmanna, en hún verður að fara fram á réttum forsendum. Aukin samkeppni má t.d. ekki leiða til þess að lögmenn gefi afslátt af siðferðiskröfum sem þeir gera til sjálfs síns með því að etja viðskiptavinum sínum í tilgangslaus mál.“

Ætlar þú í þinni formannstíð að beita þér fyrir starfsreynsluskilyrði?

„LMFÍ hefur sent margar tillögur til breytinga á lögmannalögum í gegnum

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðing og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skippholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

tíðina til ráðuneytisins án þess að nokkuð hafi gerst. Ef það tekst að koma á fót millidómsstigi þá þarf að breyta lögmannaalögum og við viljum koma að þeirri endurskoðun. Það er búið að skipa vinnuhóp valinkunnra lögmanna sem er að skoða þær tillögur sem liggja þegar fyrir og vinna heildstæða tillögu til breytinga á lögmannaalögum. Skilyrði um starfsreynslu er eitt af því sem verður væntanlega gerð tillaga um.“

Mun blanda mér í umræðuna ef á þarf að halda

Eru fleiri mál sem þú vilt leggja áherslu á? „Auðvitað ætla ég að halda áfram með þau mál sem unnið hefur verið í undanfarin ár, t.d. hvað varðar trúnaðarskyldu lögmanna og faglegar kröfur

til þeirra. Í þessu hefur verið ótullega unnið lengi og það þarf að halda því starfi áfram. Ég ætla alls ekki að sópa öllu til hliðar sem unnið hefur verið að, þvert á móti vil ég byggja á því áfram. Ég vil einnig stuðla að því að gert verði átak í að afla fjár í námssjóð LMFÍ til þess að auka starfsemi hans og einnig vil ég skoða málefni stjórnvaldssekta og hvort það er nægjanlega tryggt að réttur manna til verjanda sé nægjanleg tryggður þegar til skoðunar kemur að leggja á stjórnvaldssekt.“

Svona í lokin, ætla þú að vera sýnilegur formaður og taka þátt í umræðu í samfélaginu og fjölmiðlum?

„Ef það getur haft þýðingu fyrir þá hagsmuni sem ég er að gæta þá geri ég það. Ég er ekki sólginn í athygli fjölmiðla

en heldur ekkert feiminn að koma fram opinberlega ef á þarf að halda. Áður en komið er fram opinberlega þarf hins vegar að gæta að ýmsu. Stundum getur nefnilega samtal eða bréf skilað meiri árangri en opinber umfjöllun. Ég mun hins vegar blanda mér í umræðuna ef ég tel það gagnast þeim markmiðum sem félagið starfar að. Aðalmálið er að vera reiðubúinn að gera það sem þarf til þess að standa vörð um þá hagsmuni og þau sjónarmið sem varða lögmenn. Ég er reiðubúinn í það og þess vegna gaf ég kost á mér til formennsku.“

Þyrí Steingrimsdóttir hrl.



Við elskum að prenta

- á öruggan hátt



Umslag leggur mikla áherslu á að geta sýnt fram á að þeim kröfum sem settar eru fram í vottuninni sé framfylgt með viðeigandi hætti. Slíkt sé vottur um metnað fyrirtækisins til að vera fremst í flokki fyrirtækja í prent- og gagnavinnslu.

ISO 27001 öryggisvottun er tryggð á eftirfarandi hátt:

- Fyllsta öryggis er gætt í allri gagnavinnslu.
- Ströngum verkferlum er beitt við alla vinnslu.
- Verksmiðju okkar er skipt upp í öryggissvæði.
- Engir óviðkomandi hafa aðgang að vinnusvæðum.
- Stöðug eftirfylgni að öllum reglum sé fylgt.
- Vottunin er endurnýjuð árlega í framhaldi af úttekt.

Hagnýtar upplýsingar www.umslag.is

LIT ehf.

FASTEIGNASALA LÖGMANNSSTOFA

Ingi Tryggvason hrl.

Fasteignasala og öll almenn lögmennsstörf svo sem samningagerð, skipti dánarbúa, málflutningur, verjendastörf, mál varðandi fasteignir, innheimta og ráðgjöf. Mikill fjöldi fasteigna á söluskrá í Borgarnesi og nágrenni.

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes
s. 437 1700 gsm 860 2181 fax 437 1017
netfang: ingi@lit.is veffang: lit.is

Ný stjórn



Óttar Pálsson hrl.

Nafn: Óttar Pálsson hrl.

Vinnustaður: LOGOS lögmennsþjónusta.

Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? Síðan árið 1997.

Sérhæfing í lögmennsku: Félagaréttur, gjaldþrotaréttur og málf lutningur.

Hve lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? Í næstum því tvö ár.

Hver eru helstu áhugamál þín? Tónlist, ferðalög, íþróttir og lögfræði.

Fjölskylduhagir: Kvæntur Önnu Rut Þráinsdóttur vinnusálfræðingi.

Börn: Saman eigum við þrjú börn, þriggja ára stúlku og níu og tólf ára drengi.



Berglind Svavarsdóttir hrl.

Nafn: Berglind Svavarsdóttir hrl.

Vinnustaður: Acta lögmennsstofa ehf.

Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? Í rétt tæp tuttugu ár.

Sérhæfing í lögmennsku: Skipta- og kröfuréttur auk sífja- og erfðaréttar.

Hve lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? Þetta er fyrsta árið sem ég sit sem aðalmaður en hef setið sem varamaður frá því haustið 2014.

Hver eru helstu áhugamál þín? Lestur, skíði, ferðalög og bara almenn útivist og hreyfing.

Fjölskylduhagir: Gift Friðfinni Hermannssyni ráðgjafa.

Börn: Tveir strákar, 23 og 19 ára, og 14 ára stelpa.



Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.

Nafn: Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.

Vinnustaður: JP lögmenn (en þó aðallega Kaupþing).

Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? Hef starfað við lögmennsku í 21 ár. Öðlaðist HDL-réttindi árið 1995 og HRL-réttindi árið 2002.

Sérhæfing í lögmennsku: Félagaréttur og stjórnhættir hlutafélaga, gjaldþrotaréttur og sakamálaréttarfar. Þótti einnig liðtækur í höfundarétti og eignarétti hér áður fyrr.

Hve lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? Ég hef setið í aðalstjórn frá 2014 og var varamaður í nokkur ár á undan.

Hver eru helstu áhugamál þín? Ferðalög, stangveiði, skíði og fótbolti. Svo hef ég verið virkur sjálfboðaliði í Rauða krossinum á Íslandi undanfarin 20 ár.

Fjölskylduhagir: Kvæntur Vilborgu Ólöfu Sigurðardóttur MBA.

Börn: Tvær dætur; 20 ára og fjögurra ára og tveir synir; 18 ára og sjö ára.



Árni Þór Þorbjörnsson hdl.

Nafn: Árni Þór Þorbjörnsson hdl.

Vinnustaður: Landsbankinn hf.

Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? Ég hef starfað sl. tólf ár sem innanhúslögmaður í Landsbankanum, þar af síðustu sjö árin sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs.

Sérhæfing í lögmennsku: Fjármögnun, bankaréttur og félagaréttur.

Hve lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? Frá aðalfundi 2015.

Hver eru helstu áhugamál þín? Veiði, útivist og tónlist..

Fjölskylduhagir: Ég á þrjú börn; 16, 17 og 23 ára snillinga.

Af Merði lögmanni

Það hafði gengið á ýmsu hjá Merði upp á síðkastið. Ævisögu hans, sem hann gaf út um síðustu jól, hafði verið misjafnlega tekið og fengið heldur slæma dóma í Kiljunni þegar helstu menningarvitar þjóðarinnar fjölluðu um hana. Salan hafði ennfremur verið undir væntingum en þó bjargaði málum að stór þöntun vegna bókarinnar kom frá skrifstofu Hæstaréttar.

Ítrekaðar óskir Marðar um að komast að í skilanefnd, slitastjórn eða einni af fjórtán nefndum ríkisstjórnarinnar sem störfuðu við að leysa gjaldeyrishöftin hafði öllum verið hafnað, þótt hann hefði ítrekað boðist til að lækka þóknun sína og endað á að bjóðast til að vinna fyrir algera lágmarkspóknun, 40 þús. krónur á tímann. En ekkert dugði til.

Hann hafði meira að segja ákveðið að endurnýja skráningu sína í Framsóknarflokkinn, ef svo vildi til að hún hefði hugsanlega gleymst eða dottið út, enda hafði hann ekki verið skipaður í svo mikið sem nefnd eða starfshóp árum saman. Mördur hafði ávallt litið á veru sína í flokknum sem beinhörð viðskipti, þ.e. hann var flokksmaður gegn því að fá eitthvað í staðinn. En þegar hann mætti á flokksskrifstofuna í lopapeysu og gúmmískóm til að falla inn í hópinn hélt fólkið í afgreiðslunni hins vegar að hann væri vígreifur 101-hipster í mótmælahug og hringdi rակleitt á lögregluna.

Mördur hafði því ákveðið að snúa sér að hótélbransanum. Þar virtist drjúpa smjör af hverju strái og duglegt fólk geta gert það gott. Hann fór á stúfana og fann tilvalið húsnæði, iðnaðarbil upp á Ártúnshöfða, sem hann fékk fyrir lítinn pening, og hófst handa. Fann notuð rúm úr þrotabúi Rúm, rúm, rúm ehf. sem hann hafði verið skipaður skiptastjóri yfir árið 1997 og aldrei klárað skiptin þannig að þau voru enn í vörslu búsins. Svo hringdi hann út iðnaðarmenn sem hann hafði unnið fyrir í gamla daga en aldrei fengið greitt, hótaði illvígum innheimtuaðgerðum en félst svo á að leyfa þeim að vinna upp í skuldina.

Fljótlega varð gistiheimilið klárt, single bed á 100 evrur og double bed á 150 evrur. Morgunmatur ekki innifalinn en Mördur skaut stundum út á bensínstöð á morgnana og keypti samlokur með rækjusalati til að selja gestunum.

Til að bæta við viðskiptin bauð Mördur gestum í túra um svæðið. Hann gekk með þeim um iðnaðarhverfin í kring, en þar sem hann talaði litla ensku, hafði hann leiðsögnina í stikkorðastíl. „Very beautiful“, sagði hann og benti til hægri. „Amazing“ og benti svo til vinstri.

Gestirnir létu sér vel líka. Einu sinni spurði einn gestanna Mördur út í Norðurljós og fannst honum mikið til koma að gestirnir þekktu svona vel til hér í viðskiptalífinu og upplýsti svo um að Jón Ásgeir hefði keypt Norðurljós á sínum tíma. „It was... very very good deal“.

Raunar gengu viðskiptin svo vel hjá Merði að fljótlega gat hann farið að huga að því að selja fyrirtækið. Eftir að hann birti smáauglýsingu í Bændablaðinu þar sem hann auglýsti gistiheimilið til sölu bærust ótal tilboð frá hinum og þessum sjóðum í eigu lífeyrissjóðanna. Mördur tók sér góðan tíma til að yfirfara tilboðin, lesa smáa letrið og kynna sér efni þeirra í þaula þar til hann loksins tók ákvörðun um hvaða tilboð yrði fyrir valinu.

Ákveðinn var undirskriftardagur og fór Mördur í gömlu fermingarfötin, sinnepsgula skyrtu og setti upp drapplitað bindi. Horfði fullur aðdáunar á sjálfan sig í speglinum áður en hann gekk út; businessmaður fram í fingur góma.

Þegar Mördur mætti til að skrifa undir og fá greitt, mætti hins vegar enginn frá sjóðnum. Í ljós kom að sjóðurinn hafði verulegar áhyggjur af nýsettu viðskiptabanni Reykjavíkurborgar á Ísrael þar sem langstærstur hluti gesta Marðar voru Ísraelsmenn, enda Mördur vel kynntur í heimi síonista fyrir afgerandi málflutning varðandi málefni Palestínu. Viðskiptamódelið er hrúnið, útskýrði einhver smjörgreiddur sérfræðingurinn hjá sjóðnum fyrir Merði.

Aðgerðir borgarfulltrúanna hugumprúðu höfðu gert blómlegan rekstur Marðar að engu.

Það var því ekkert annað eftir að gera en að mæta á lögmannsstofuna á nýjan leik og byrja að harka. Hann hringdi niður í héraðsdóm og sagðist ekki hafa fengið þrotabúi svo árum skipti, hvers konar mismunur væri eiginlega og hvort þetta færi nú allt til einhverra vildarvina.

Jú, svaraði vingjarnleg rödd í símann, allt opið í þeim efnum en gott væri að þú kláraðir skiptin á Rúm, rúmum og rúmum ehf. áður en lengra er haldið.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- BA í lögfræði
- BA í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein
- ML í lögfræði
- PhD í lögfræði

hr.is/ld



Símhlustanir

ÁKVÆÐI UM SÍMHLUSTUN, notkun hlerunarbúnaðar og þess háttar aðgerðir eru næsta fátækleg í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Kröfur í mannréttindasáttmála Evrópu

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur ítrekað gert ríkar gæðakröfur til laga-ákvæða um aðgerðir sem þessar. Dómstóllinn hefur þannig sagt að slík ákvæði verði að tiltaka með skýrum hætti hver séu skilyrði aðgerðanna, hversu lengi þær megi vara, hvernig skuli standa að rannsókn gagna sem er aflað, notkun og geymslu þeirra, hvaða varúðarráðstafanir skuli viðhafa við afhendingu gagna til annarra og hvenær megi og hvenær eigi að eyða gögnum. Sjá t.d. ákvörðun 29. júní 2006, Weber og Saravia gegn Þýskalandi (umsókn 54934/00).

Ákvæði laga nr. 88/2008 virðast ekki fullnægja þessum gæðakröfum í öllum atriðum.

Óþarflega víðtækt mat um nauðsyn aðgerða

Ákvæðin fela t.d. dómstólum óþarflega víðtækt mat um skilyrði aðgerðanna. Dómstólar hafa því ekki búið við nægjanlega skýr viðmið um hvenær þeim sé rétt að hafna aðgerðum sem þessum. Niðurstaðan hefur því orðið sú að héraðsdómstólarnir hafa nánast alltaf samþykkt þessar beiðnir. Mikilvæg sjónarmið um rétta málsmeðferð og friðhelgi einkalífs hafa þar ekki reynst fyrirstaða. Dómstólar hafa þannig ekki aðeins samþykkt hlustun á síma sjálfstætt starfandi lögmannna heldur einnig heimilað lögreglu að hlusta og hljóðrita, með leynd, samtöl og önnur hljóð innan veggja lögmannsstofu.

Hæstiréttur hefur að vísu í tveimur nýlegum dómum (18. sept. 2014, mál nr. 610/2014, og 12. feb. 2014, mál nr. 101/2014) skýrt skilyrði símhlustana þröngt. Vonandi munu þessir dómur

leiða til bættari framkvæmdar, en enn er of snemmt að segja til um það.

Ákvæði um framkvæmd ófullkomin

Ákvæði um framkvæmd þessara aðgerða eru brotkennd og ófullkomin. Þannig felast í þeim engar kröfur um að haldnar séu skrár um hvenær einstök símtöl séu hlustuð, hver eða hverjir hlusti og hversu lengi. Þá er aðgangur verjenda að hlustuðum símtölum enginn í framkvæmd og þegar á reynir hefur símtölum yfirleitt verið eytt. Þá hafa ákvæði laganna um bann við hlustun og eyðingu símtala við lögmennt með sama hætti reynst gölluð og haldlítill í framkvæmd.

Gildandi lög veita þannig ófullnægjandi vernd gegn misnotkun hlustaðra símtala. Rannsakendur eiga t.d. möguleika á að hlusta á símtöl sakborninga við verjendur og nýta sér upplýsingar úr þeim við skipulagningu rannsókna. Þá eiga ákærendur möguleika á að leggja fram sérvalda hluta símtala sem henta málatalibúnaði þess.

Án þess að nokkur afstaða sé tekin til þess hvort slík misnotkun hafi átt sér stað, er látið nægja að benda á að hún getur átt sér stað án teljandi hættu á afhjúpun.

Getur rýrt traust á réttarkerfinu

Þessi staða er óheppileg og til þess fallin að rýra traust á réttarkerfinu. Mikilvægt er fyrir traust borgara á starfsemi dómstólanna að úrskurðir um jafn íþyngjandi aðgerðir og þessar byggji á skýrum lagafyrirmælum.

Úrskurðir sem falla lögreglu nánast alltaf í vil á grundvelli óljósra og matskenndra ákvæða geta kallað fram það viðhorf almennings að dómstólar dragi hlut ákærvalds og lögreglu. Séu lagafyrirmælin sem úrskurðir byggjast á skýr og ótvíræð geta slík viðhorf síður náð fótfestu.

Möguleikar lögreglu og ákærvalds

til misnotkunar við framkvæmd aðgerðanna grefur svo undan því trausti sem sakaðir menn þurfa að bera til starfa lögreglu og ákærvalds. Þess vegna fara hagsmunir ákærvalds og sakborninga saman af því að tryggilega verði búið hér um. Tryggjari framkvæmd myndi draga úr þeirri tortryggni sem nú ríkir á þessu sviði.

Tillögur til úrbóta í vinnslu

Lögmannafélagið hefur um langt skeið barist fyrir umbótum á þessu og nú virðist orðinn víðtækur skilningur á þörfinni fyrir þær. Með skýrum lagaákvæðum munu störf dómstóla einfaldlega verða traustari, fyrirsjáanlegri og almenningi skiljanlegri. Þá mun festa í framkvæmd aðgerðanna auka traust til starfa lögreglu og ákærvalds.

Í október 2012 lagði innanríkisráðherra fyrir Alþingi frumvarp til laga sem hafði að markmiði að þrengja skilyrði fyrir beitingu þessara aðgerða. Málið dagaði uppi. Í september 2014 óskaði ráðherra svo eftir því við réttararsnefnd að hún tæki gildandi lagaákvæði til sérstakrar skoðunar.

Hjá innanríkisráðuneytinu er nú unnið að gerð nýs frumvarps á grundvelli frumvarpsins frá árinu 2012. Á dögunum sendi laganefnd félagsins ráðuneytinu umsögn um málið. Laganefnd benti m.a. á að æskilegt væri að þolendum aðgerða væru skipaðir talsmenn fyrir dómi áður en úrskurðir væru kveðnir upp, að lýst væri óheimilt að eyða gögnum fyrr en mál hefðu verið leidd til lykta, að eftirliti með aðgerðunum væri fyrirkomið hjá sjálfstæðum aðila sem færi ekki með ákærvald og að rekjanleiki við hlustanir væri tryggður.

Þeirri úrbótavinnu sem á sér nú stað í ráðuneytinu ber að fagna. Mikilvægt er hins vegar að vinnan dragist ekki á langinn og nýtt frumvarp um þetta verði lagt fyrir Alþingi sem fyrst.



“

The team is praised as being very resourceful in difficult situations and providing outstanding value for money.

The Legal 500

”

Áminningar og afslættir

EKKI MÁ VANMETA þörfina á því að lögmenn þekki vel til laga og reglna sem um starfsemi þeirra gilda, en úrskurðarnefnd lögmanna berast erindi af ýmsu tagi er varða störf lögmanna. Í þessari grein verður kastljósinu varpað á tvo nýlega úrskurði þar sem nefndin hefur talið ástæðu til þess að áminna lögmenn. Einnig verður reifaður úrskurður þar sem reikningur lögmanns var lækkaður.

Upplýsingaleki og aðdróttanir leiða til áminningar

Hera hdl. var lögmaður forsjáraðila barns sem kom til Íslands í kjölfar náttúruhamfara í heimahögum. Barnaverndarnefnd barst tilkynning um áhyggjur af aðstæðum barnsins og var það vistað tímabundið utan heimilis. Barnaverndarnefnd bar Heru á brýn að hafa lekið trúnaðarupplýsingum, m.a. viðkvæmum persónuupplýsingum, til fjölmiðla og þannig brotið gegn ákvæðum 6. og 17. gr. siðareglna um trúnaðarskyldu, sem og ákvæðum lögmanna- og barnaverndarlaga.

Í úrskurði úrskurðarnefndar nr. 5/2014 var talið að Hera hefði haft rétt á að koma á framfæri athugasemdum vegna fjölmiðlaumfjöllunar vegna alvarlegra ásakana á hendur umbjóðanda hennar. Nefndin taldi að taka yrði tillit til þess að upplýsingarnar hefðu verið gefnar í óundirbúnu símtali við fréttamann. Hins vegar hefði háttsemin verið til þess fallin að torvelda barninu að fóta

sig í nýju umhverfi og taldi nefndin að lögmaðurinn hefði brotið gegn trúnaðarskyldum með aðfinnsluverðum hætti.

Í málinu var einnig gerð athugasemd við aðdróttanir Heru í garð fósturfjölskyldu barnsins. Eftir henni var haft að fósturfjölskyldan hefði fengið barnið „á silfurfati“ og hefði „fjárhagslega hagsmuni af því að hafa barnið hjá sér, og það sem lengst“. Reyndi á 34. gr. siðareglna um að lögmanni beri að sýna gagnadilum skjólstæðinga sinna virðingu og tillitsemi sem samrýmanleg sé hagsmunum skjólstæðinganna. Nefndin taldi ósæmandi fyrir lögmann að dylgja alvarlega að stjórnvöldum og gagnadilum í opinberri umræðu og að lögmaðurinn hefði ekkert gert til að réttlæta ummæli sín eða færa sönnur á þau.

Heildstætt mat á atvikum málsins leiddi til þeirrar niðurstöðu að lögmaðurinn var látinn sæta áminningu.

Framlagning utanréttar tilboðs og gildissvið siðareglna

Í máli úrskurðarnefndar nr. 27/2014 voru atvik með þeim hætti að Mördur hrl. fór með slysabótamál. Á grundvelli matsgerðar gerði hann kröfu um bætur á hendur kæranda, sem var tryggingafélag. Í kjölfarið bauð starfsmaður kæranda, Friðfinnur hdl., fram tillögu að lokauppgjöri vegna málsins.

Í tilboðinu sjálfu og tölvupósti var tiltekið að boðið væri sett fram til sátta og með öllum fyrirvörum og að hvorki tölvupósturinn né tilboðið væri ætlað


til framlagningar. Sættir náðust ekki. Mördur höfðaði því mál á hendur tryggingafélaginu f.h. umbjóðanda síns og lagði m.a. fram tilboðið.

Úrskurðarnefndin taldi gagnaframlagninguna fela í sér brot á 2. mgr. 21. gr. siðareglna um að óheimilt sé að leggja fram í dómi utan réttar sáttatillögur nema með samþykki gagnaðila, en ákvæðinu væri ætlað að tryggja að lögmenn gætu treyst því að hugmyndir að sáttum, sem lagðar væru fram utan réttar, teldust ekki bindandi eða leiðbeinandi á síðari stigum. Brot Marðar væri til þess fallið að grafa undir því trausti. Um væri að ræða alvarlegt brot, framið af skýrum ásetningi, og var lögmaðurinn látinn sæta áminningu vegna málsins.

Við þetta má bæta að Mördur hélt því meðal annars fram fyrir nefndinni að siðareglur lögmanna ættu ekki við þar sem Friðfinnur hdl. væri ekki sjálfstætt starfandi lögmaður. Nefndin áréttaði hins vegar að siðareglurnar nái til allra starfandi lögmanna.

Lækkun á grundvelli kostnaðarmats

Bárður hrl. tók að sér að verja aðila í einkamáli. Bárður lýsti því yfir í tölvupósti að aðilar hefðu á fyrsta fundi sínum rætt um að kostnaður við vörn í málinu yrði á bilinu kr. 500.000,- til kr. 700.000,- þ.e. 35-40 tímar með málflutningi. Vakti hann einnig athygli á því að kostnaðurinn gæti orðið hátt hlutfall af kröfu dómsmálsins, en stefnukrafan nam kr. 807.021,-



Stór verk - lítið mál

Í umboði til Bárðar kom fram að auk greiðslu fyrir útlagðan kostnað næmi lögmannskostnaður kr. 16.500,- per klukkustund, auk vsk.

Í tölvupóstsamskiptum, sem fram fóru eftir greinargerðarskil, lýsti kærandi áhyggjum af því að þegar væri búíð að skrifa 25 tíma vinnu á málið. Bárður skrifaði kæranda tölvupóst og fullvissaði hann um að ekkert benti til annars en að fyrri áætlun myndi standast.

Dómsmálið vannst og var tildæmdur málskostnaður kr. 800.000,-. Gaf Bárður þá út nýjan reikning vegna 29 tíma vinnu. Þannig var kærandi á endanum rúkaður um 54 klukkustunda lögmannsvinnu, eða yfir kr. 900.000,- auk vsk. Í máli úrskurðarnefndar nr. 20/2014 gerði kærandi kröfu um lækkun þóknunar. Bárður taldi hins vegar fráleitt að hann hafi gefið bindandi yfirlýsingu

um endanlegan kostnað málsins á fyrstu stigum málsins.

Nefndin taldi að niðurstaða héraðsdóms um málskostnað bæri ekki annað með sér en að endanleg gjaldtaka Bárðar hafi verið innan þess sem við mátti búast. Hins vegar taldi nefndin að af skeytum lögmannsins um áætlaðan kostnað, og staðfestingu á áætluninni í kjölfar greinargerðarskila, hefði kærandi mátt ætla að ekkert benti til annars en að áætlunin myndi standast.

Úrskurðarnefndin vísaði í þau ákvæði sem lúta að endurgjaldi fyrir lögmannsstörf, svo sem 24. gr. lögmannalaga um hæfilegt endurgjald og áætlun, 2. mgr. 10. gr. síðareglna um að lögmanni beri að gera skjólstæðingi grein fyrir áætluðum kostnaði að tiltölu við hagsmuni sem í húfi væru og á hvaða grundvelli þóknun væri

reiknuð, auk reglna Neytendastofu um verðupplýsingar og laga um þjónustukaup.

Bárður var ekki talinn hafa sýnt fram á að þörf hefði verið á frekari rannsóknarvinnu eftir að greinargerð var skilað. Lögmanninum var því gert að axla ábyrgð á yfirlýsingu um væntanlegan heildarkostnað með því að taka á sig lækkun á þóknun, sem ella hefði ekki talist úr hófi. Þótti hæfileg fjárhæð lokareiknings vera kr. 350.000,- í stað kr. 478.500,- auk vsk.

Eva Halldórsdóttir bdl.

Nöfn málsaðila eru uppdiktuð af höfundi, enda eru úrskurðir úrskurðarnefndar lögmannna ætíð nafnlausir.

VELDU GÓÐAN LÍFEYRISSJÓÐ

- Þriðjungur af skylduiðgjaldi..... í séreignarsjóð
- Sex ávöxtunarleiðir
- Eingöngu sjóðfélagar í stjórn

Besti lífeyrissjóður á Íslandi 2 ár í röð

Einn besti sjóður í Evrópu í upplýsingamiðlun 3 ár í röð

Einn af fimm bestu lífeyrissjóðum í Evrópu



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Hugleiðingar í kjölfar refsíðóms

ÞANN 13. MARS 2014 dæmdi Hæstiréttur Íslands mig í fangelsi og til sviptingar á lögmansréttindum í eitt ár. Rétturinn taldi mig hafa vísvitandi blekkt fyrir-tækjaskrá með tilkynningu um hluta-fjárhækkun í Exista hf. Þannig sneri Hæstiréttur við sýknudómi í héraði þar sem ég var jafnframt talinn hafa greint rétt frá niðurstöðu umbjóðanda míns í tilkynningunni og að meðfylgjandi gögn hefðu að fullu upplýst hvernig í málinu lá.

Hvernig komst Hæstiréttur að svo allt annarri niðurstöðu en héraðsdómur? Og hvernig gat sú stefnubreyting leitt til svo þungs dóms yfir lögmanni?

Að hluta virðist svarið liggja í mis-munandi skoðunum um mörk skyldna sem lögmenn hafa gagnvart umbjóð-endum sínum og skyldna sem kann að hvíla á lögmönnum sem opinberum sýslunarmönnum. Þá liggur svarið einnig í einstaka lagatúlkunum réttarins.

Það leiðir beint af rökstuðningi héraðsdóms að niðurstöður Hæstaréttar eru umdeilanlegar.

Um ofangreind atriði og hugleiðingar fjallar grein sem hægt er að nálgast á heimasíðunni: www.einsaer.is. Greinin var upphaflega skrifuð til birtingar í Tímariti lögfræðinga en var hafnað. Þá féllst Úlfljótur á að birta greinina en hafnaði henni síðan rétt fyrir prentun. Af þessum sökum var ákveðið að birta greinina á sérstakri vefsíðu.

Í greininni er farið yfir ýmis atriði er varða rannsókn málsins sem var umfangsmikil. Athugaðir eru dóms-úrskurðir sem veittu heimild til að hlera síma lögmans og láta framkvæma hjá honum húsleit og kannað hvort á þeim heimildum hafi verið einhverjar takmarkanir. Þá hugleiði ég þá ákvörðun mína að fara ekki fram á frávísun sakamálsins vegna meintra ólögmatra rannsóknaraðferða og dómsúrskurða

og hvaða áhrif það hafði á kæru til Mannréttindadóms Evrópu. Að lokum fer ég yfir meginforsendur dómsins sem eru sérlega áhugaverðar.

Greinin er augljóslega ekki skrifuð af hlutlausum aðila. Engu að síður er reynt að nálgast aðalatriði málsins af heidarleika og virðingu fyrir mönnum og málefnum. Tek ég undir vaxandi skoðun á meðal lögmanna að nú sé fátt brýnna en málefnaleg orðræða um réttarfar - sér í lagi á meðal og á milli lögmanna og dómara.

Álitaefni dómsins varða alla lögfræð-inga miklu og hvet ég þá sérstaklega til að lesa greinina vel og kynna sér sjálfstætt gögn málsins en stefnt er að því að þau verði jafnframt birt á umræddri vefsíðu.

*Bjarnfreður Ólafsson,
héraðsdómslögmaður*



ÞEKKING REYNSLA FAGMENNSKA

LOGOS sérhæfir sig í þjónustu við íslenskt og alþjóðlegt viðskiptalíf og er jafnframt sú lögmansþjónusta á Íslandi sem á sér lengsta sögu, eða allt aftur til ársins 1907.

LOGOS

REYKJAVÍK • LONDON

Formannsskipti hjá FKL

Á AÐALFUNDI FÉLAGS kvenna í lögmennsku í júní sl. tók Krístrún Elsa Harðardóttir hdl. hjá DIKA lögmönnum við formennsku af Mörtu Margréti Rúnarsdóttur hdl. hjá LOGOS. Auk Krístrúnar sitja nú í stjórn þær Hulda Kristín Magnúsdóttir hdl. hjá BBA, Svanhvít Yrsa Árnadóttir hdl. hjá Íslensku lögfræðistofunni, Andrea Olsen hdl. hjá LOGOS og Dagný Ósk Aradóttir Pind hdl. hjá RSÍ. Varamenn eru þær Hulda Rós Rúriksdóttir hrl. hjá Lögmönnum Laugavegi 3 og Gróa Björg Baldvinsdóttir hdl. hjá Landslögum.



Fréttaflutningur af dómsmálum

Í febrúar hélt stór hópur á vegum FKL í heimsókn á fréttastofu RÚV. Gestgjafarnir, þau Bogi Ágústsson, fréttamaður og Rakel Þorbergsdóttir, fréttastjóri leiddu gesti í allan sannleika um fréttastofuna. Síðan bættust Broddi Broddason og Tryggvi Aðalbjörnsson í hópinn til þess að ræða fréttaflutning af dómsmálum og konur sem viðmælendur í fjölmiðlum. Sköpuðust heitar og skemmtilegar umræður um efnið en heimsóknin heppnaðist einstaklega vel.

Gallerý Holt

Í apríl sl. hittust félagskonur í gleðistund á Hótel Holti. Geirlaug Þorvaldsdóttir, eigandi Hótel Holts, hélt erindi um listmuni hótelsins og leiddi skoðunarferð en hótelið fagnar hálfra aldar afmæli á árinu. Eins og kunnugt er stofnuðu hjónin Þorvaldur Guðmundsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir hótelið í febrúar 1965 en listaverkasafn þeirra, sem er stærsta safn í einkaeigu á Íslandi, þrýðir veggj hótelsins.

Staða kvenna í Japan

Í maí sl. stóð félagið, í samstarfi við sendiráð Japans á Íslandi og LOGOS lögmennspjónustu, fyrir fundi um stöðu kvenna í Japan. Mitsuko Shino, sendiherra Japans á Íslandi, sem vill svo skemmtilega til að er lögfræðimenntuð, hélt einkar áhugavert erindi um stöðu kvenna í Japan samanborið við önnur lönd, þ.á.m. Ísland. Fjallaði hún um konur í áhrifastöðum, stöðu kvenna í stjórnámálum og á vinnumarkaði o.fl. Erindið vakti mikla athygli viðstaddra og sköpuðust áhugaverðar og skemmtilegar umræður í kjölfar þess.



**ALHLIÐA OG ÓHÁÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA**

info@jonatansson.is
www.jonatansson.is

JÓNATANSSON&CO
Lögfræðistofa ehf



Stefnubirting í Lögbirtingablaði

ÞAÐ REYNIST OFT þrautin þyngrri að birta stefnu, sérstaklega ef stefndi býr ekki á Íslandi. Stundum fer sögum af vandræðagangi við slíkar stefnubirtingar og nokkrum fjölda mála er vísað frá dómi á ári hverju þar sem birtingu stefnu í slíkum tilvikum er ábótavant. Hér verða dregin saman nokkur atriði og dómar um stefnubirtingu sem veita vísbendingar um að hverju beri að huga til að birting stefnu í Lögbirtingablaði verði talin lögmæt.

Lögmæt birting stefnu

Í 83. gr. eml. greinir frá lögmætri birtingustefnu og í 85. gr. hvernig birting skal fara fram. Af samspili ákvæðanna leiðir að birtingu stefnu verður komið við með öðrum hætti en birtingu í Lögbirtingablaði enda þótt ekki verði haft uppi á stefnda sjálfum eða fyrirsvarsmanni til að birta stefnuna. Þá getur birting stefnu á hendur félagi alltaf farið fram á stjórnarstöð þess.

Samkvæmt 2. mgr. 83. gr. eml. telst stefna nægilega birt ef hún er auglýst í Lögbirtingablaði samkvæmt 89. gr., en heimild til opinberrar birtingar er undantekning frá almennum reglum og verður einhverju skilyrða a.-c. liðar 1. mgr. 89. gr. að vera fullnægt svo birtingin teljist lögmæt. Þó eru heimildirnar nokkuð þröngar, svipað og í tíð eldri laga, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936.¹

Skilyrði 1. mgr. 89. gr. eml.

Í a. lið 1. mgr. 89. gr. segir að birta megi stefnu í Lögbirtingablaði ef upplýsinga verður ekki aflað um hvar birta megi stefnuna eftir almennum reglum en þar er átt við reglur 85. gr. laganna. Meginreglan er að birta fyrir stefnda sjálfum en birta má fyrir öðrum sem er til þess bær að taka við stefnu á skráðu lögheimili, föstum búsetu- eða dvalarstað, eða vinnustað stefnda. Getur a. liðurinn ekki komið til álita, sem stoð undir stefnubirtingu í Lögbirtingablaði, sé mögulegt að birta stefnu í samræmi við almennar reglur.² Hið sama gildir um birtingarstað stefnu á hendur félagi.³

Ákvæði b. liðar 1. mgr. 89. gr. á svo aðeins við þegar uppi eru ákveðnar aðstæður sem reynir á við stefnubirtingu erlendis samkvæmt 90. gr. eml.

Samkvæmt c. liðnum er birtingin heimil þegar stefnu er beint að óákveðnum manni, t.d. þegar ekki er vitað hverjum beri að stefna eða hver sé fyrirsvarsmáður stefnda. Reglan á ekki við um ógildingar- og eignardómsmál, sbr. XVIII. kafla eml., en þar er sérstaklega kveðið á um birtingu stefnu í Lögbirtingablaði.⁴

Búseta erlendis kunnug

Ef stefndi á þekkt heimili eða aðsetur erlendis, eða það liggur annars fyrir að stefndi búi í öðru ríki, er kveðið á um í 1. mgr. 90. gr., geti birting stefnu

ekki farið fram hér á landi eftir öðrum ákvæðum III. kafla laganna, að fari þá um birtinguna eftir lögum þess ríkis og þjóðréttarsamningi, hafi slíkur samningur verið gerður. Um birtingu yfirlýsingar eða stefnu frá öðru ríki hér á landi gilda síðan íslenskar reglur og þjóðréttarsamningur, sé hann í gildi. Almennt telst birting stefnu erlendis samkvæmt reglum hlutaðeigandi ríkis jafnframt lögmæt að íslenskum rétti, sbr. 1. mgr. 90. gr.⁵

Með orðalaginu, að birting stefnu geti ekki farið fram hér á landi eftir öðrum ákvæðum laganna, er ekki átt við birtingu í Lögbirtingablaði samkvæmt 2. mgr. 83. gr. heldur aðrar birtingarreglur, svo sem fyrir stefnda sjálfum eða öðrum, sem er bær að taka við stefnunni, eða með áritun, t.d. lögmans, enda gæti stefnubirting í þessum tilvikum annars alltaf farið fram í Lögbirtingablaði. Stefnubirting í Lögbirtingablaði er ákveðin þrautalending þegar aðrar leiðir eru ekki mögulegar.

Vegna stefnubirtingar erlendis má leita til Sýslumannsins á Suðurnesjum sem sér um afgreiðslu þeirra, bæði samkvæmt Haag-samningi um birtingar á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum frá 15. nóvember 1965,⁶ svo og á grundvelli Norðurlandasamnings um gagnkvæma dómsmálaaðstoð frá 26. maí 1975,⁷ en Norðurlöndin öll eru aðilar að Haag-samningnum. Heimilisfang stefnda

¹Sjá ummæli borgardómara í H 1981:1573 og Alþt. 1991-1992, A-deild, bls. 1095 og 1098, Alþt. 1935, A-deild, bls. 956.

²Sjá H 1994:2876, H 1997:3190 og Hrd. 487/2013, svo og H 1987:734 í tíð eldri laga.

³Sjá þó Hrd. 487/2013, sbr. 1. mgr. 82. gr. eml.

⁴E.t.v. er nokkra leiðbeiningu að finna í dómum úr tíð eldri laga, svo sem H 1970:410, H 1977:32, H 1981:182 og H 1981:1573. Samkvæmt síðastnefnda dómnum kemur stefnubirting í Lögbirtingablaði ekki til álita ef upplýsinga verður aflað um hverjum beri að stefna.

⁵Sjá Hrd. 138/2013.

⁶Sjá augl. nr. 2/2009 í C-deild Stjt.

⁷Sjá augl. nr. 11/1975 í C-deild Stjt.

ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.



Njóttu hlunninda fyrirtækjasamningsins. Þar má nefna:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af öllum fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska eftir hverju sinni.
- Hægt er að nálgast nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar má finna á www.icelandair.is/fyrirtaeki
Eins má senda fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

verður þó að vera þekkt til að nýta þetta hagræði. Sé heimilisfang stefnda óþekkt, verður stefna ekki birt á grundvelli samningsins.

Birting stefnu erlendis tekst ekki

Sérstakar ástæður þarf til birtingar í Lögbirtingablaði, ef lögheimili eða heimilisfang stefnda erlendis er kunnugt. Gilda þar sambærilegar reglur og þegar lögheimili stefnda hér á landi er þekkt.⁸ Takist birting erlendis engu að síður ekki, þarf þó fleira til svo lögmætt sé að birta stefnuna í Lögbirtingablaði.⁹ Nokkur dæmi má nefna, svo sem ef erlend yfirvöld sinna ekki ósk um birtingu stefnu, heimilisfang stefnda er rangt skráð, hann fluttur eða heimilisfangið óþekkt í því ríki sem hann býr.

Þegar erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að verða við ósk um birtingu er heimilt að birta stefnu í Lögbirtingablaði samkvæmt b. lið 1. mgr. 89. gr., sé sýnt fram á að hún eigi við. Þessari reglu er sjaldan beitt, enda nokkurs konar neyðarúrræði.¹⁰

Vottorð um búsetu erlendis og önnur upplýsingaöflun

Þegar ekki tekst að birta stefnu vegna rangrar skráningar eða þegar heimilisfang stefnda er óþekkt í erlendu ríki, hvílir skylda á stefnanda að reyna að hafa uppi á stefnda þar. Sýna verður að reynt hafi verið að afla upplýsinga um hvar stefnda sé að finna eða hvar birta megi stefnu samkvæmt almennum reglum. Þær upplýsingar duga ekki einar saman að stefndi búi í ákveðnu ríki eða vottorð Þjóðskrár þess efnis, svo stefna verði birt í Lögbirtingablaði.¹¹ Af ákvæðum 89. gr. og 90. gr. eml. leiðir að skilyrðum fyrir slíkri birtingu yrði ekki fullnægt með því einu að kunnugt væri um búsetu stefnda í ákveðnu ríki en ekki hvar, en þá skal birt eftir reglum hlutaðeigandi ríkis um birtingu fyrir manni með óþekkt heimilisfang.¹²

Til að birta stefnu í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 1. mgr. 89. gr., þarf að liggja fyrir að upplýsinga verði ekki aflað um hvar birta megi stefnu í hlutaðeigandi ríki eftir almennum reglum og að birtingu verði ekki komið þar við samkvæmt reglum þess. Því getur þurft að afla nokkurra upplýsinga

og gagna frá ríkinu, svo sem vottorða stjórnvalda og reglna ríkisins um stefnubirtingu, og láta reyna á hvort stefnan fáiast þar birt. Sýni stefnandi ekki fram á að upplýsingaöflun hafi verið reynd og án árangurs, kann birting stefnu í Lögbirtingablaði að vera talin ólögmæt, en til þess gera dómstólar strangar kröfur.¹³ Þetta getur haft nokkurn kostnað í för með sér fyrir stefnanda, auk þýðingarkostnaðar ef þýða þarf stefnu á erlent tungumál.

Þegar sýnt þykir að stefndi búi sannarlega ekki í því ríki þar sem hann er sagður skráður og eftirgrennsan um hvar birta megi stefnu þar ber ekki árangur, kemur til álita að birta stefnu í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðarins.¹⁴

Geta verður ástæðu birtingar

Enginn áskilnaður er um að stefna sem birt er í Lögbirtingablaði sé réttarstefna eins og gildir í ógildingar- og eignardómsmálum, en sú krafa er gerð að í stefnu komi fram af hvaða ástæðu stefnan er þar birt. Er oft hafður sá háttur á að vísa til viðeigandi heimildar í 1. mgr. 89. gr. laganna.¹⁵

⁸Sjá m.a. H 1997:2180 og H 1985:816 í tíð eldri laga.

⁹Sjá Hrd. 40/2009 og Hrd. 635/2009, þar sem um var að ræða birtingu áfrýjunarstefnu. Sömu reglur gilda um birtingu áfrýjunarstefnu og endranær, sbr. 166. gr. eml. Sjá Hrd. 40/2015, svo og H 1999:1476.

¹⁰Í faðernismáli HDRE nr. E-4394/2014 var stefna birt í Víetnam fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins, en birtingarvottorð barst ekki í tæka tíð fyrir þingfestingu málsins. Var reynt að fá birta nýja stefnu en stjórnvöld í Víetnam neituðu að taka við henni til birtingar. Var birting stefnu í Lögbirtingablaði talin lögmæt.

¹¹Sjá H 1997:2180, H 2003:3504, Hrd. 40/2009, Hrd. 635/2009, svo og H 1992:60 og H 1991:40 í tíð eldri laga.

¹²Sjá Alþt. 1991-1992, A-deild, bls. 1098, og H 2003:2504.

¹³Sjá m.a. H 1997:2180 og H 2003:2504.

¹⁴Sjá Hrd. 495/2015 þar sem stefnda hafði skráð lögheimili sitt á tiltekið heimilisfang í Serbíu, sem sýnt þótti, að ekki væri þar að finna. Þá lágu fyrir þær upplýsingar, að stefnda væri ekki skráð hjá þar til bærnum stjórnvöldum í Serbíu. Skilyrðum a. liðar 1. mgr. 89. gr. var talið fullnægt í héraði án aths.

¹⁵Sjá Hrd. 40/2009.

Setjum heilsuna í fyrsta sæti

Gerðu gæða- og verðsamanburð



REVERIE rúmin eru einnig fáanleg með **BODY PRINT** heilsudýnum. Kynntu þér málið!



IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstjöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum

REVERIE 3E Essential með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 349.900.-

REVERIE 7S Supremem með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 449.900.-

Kíktu á www.reverie.com

Reverie
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hjólalátir og kraftmiklir mótórar
- Lyftigeita 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.



Frábær hönnun

- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.



Vinsælu rafstillanlegu hvíldarstóllarnir og sófarnir komnir aftur. Leður á slitflötum. Einstaklega þægilegir. Nokkrir litir.



Rafdrifinn hvíldarsófi
aðeins kr. 219.900.-



Stillanlegir hvíldarstólar
Verð frá kr. 89.900.-

Lyftustóli inn vinsæli komin aftur
Verð aðeins kr. 109.900.-

Verona

Lúxus rafstillanlegur tungusófi með þykku vönduðu leðri. Hægri eða vinstri tunga.

Verð kr. 499.000.-
Kynningarverð aðeins kr. 399.200.-



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

12 mán.
vaxtalaugar greiðslur*



Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



Saksóknarinn Óli Ingi Ólason er hér búinn að hlaða í eitt teighögg og horfir á eftir knettinum kljúfa vindinn í Leirunni. Ragnar Baldursson og Guðni Á. Haraldsson fylgdust með töktunum.



Það var rjómablíða sem lék við keppendur á Urriðavelli. Hæstaréttarlögmennirnir Friðjón Friðjónsson og Guðni Á. Haraldsson ásamt fulltrúum hinnar læknandi stéttar.



Bernharð Bogason lét sig ekki vanta á Urriðavöll í leik gegn læknum.

Golfsumarið 2015

Verðir réttlætisins sakna kvenna

SUMARIÐ FÓR HÆGT af stað þetta árið, hvort sem litið er til veðurs eða viðureigna lögmanna á golfvöllinum. Það má segja að sumarið hafi ekki byrjað fyrr en um miðjan júní og þá fóru kylfingar að taka við sér. Golfnefnd ákvað að gefa bestu kylfingum stéttarinnar nokkrar vikur til að koma sér í form og því var ekki blásið til leiks á keppnistímabilinu fyrr en í byrjun ágúst. Hófst þá farsælt og sigursælt skeið lögmanna á golfvöllinum. Venju samkvæmt kepptu lögmenn innbyrðis auk þess sem þeir sameinuðu krafta sína í keppni við læknastéttina. Því miður féll leikurinn gegn tannlæknum niður þetta árið en þeir leikir hafa verið afar árangursríkir fyrir lögmenn undanfarin ár.

Keppni við lækna

Það voru 40 keppendur sem mættu galvaskir á Urriðavöll þann 9. ágúst þar sem leikin var holukeppni á milli lækna og lögmanna. Lögmenn mættu

með bikarinn til leiks eftir frækinn sigur á síðasta ári og segja má að sigurinn hafi ekki verið í mikilli hættu. Keppnin endaði með nokkuð öruggum sigri lögmanna – 6,5 vinningar gegn 3,5 vinningum. Bikarinn verður því áfram hjá vörðum réttlætisins.

Minningarmót Guðmundar Markússonar og Ólafs Axelssonar

Árlegt minningarmót um lögmennina Guðmund Markússon og Ólaf Axelsson var haldið á Brautarholtsvelli á Kjalarnesi þann 18. ágúst. Þeir Guðmundur og Ólafur voru miklir talsmenn golfíþróttarinnar innan Lögmannafélagsins og var gaman að fá að taka þátt í golfmóti til heiðurs þeim. Alls mættu 13 keppendur til leiks og var leikin punktakeppni með og án forgjafar. Úrslit í mótinu voru eftirfarandi.

PUNKTAKEPPNI MEÐ FORGJÖF - ÓLAFS AXELS BIKARINN

1. Gísli Guðni Hall 33 punktar
2. Bragi Dór Hafþórsson 31 punktur
3. Gunnar Viðar 30 punktar

PUNKTAKEPPNI ÁN FORGJAFAR - GUÐMUNDARBIKARINN

1. Gísli Guðni Hall 29 punktar
2. Gestur Jónsson 18 punktar
3. Bragi Dór Hafþórsson 18 punktar

Meistaramót lögmanna

Risamót risamótanna var haldið mánudaginn 31. ágúst á Hólmsvelli í Leiru. Að þessu sinni mættu 26 kylfingar til að leika golf við afar góðar aðstæður. Að venju var leikinn högggleikur með og án forgjafar og var það sigurvegari í forgjafarleiknum sem krýndur var lögmanna-meistari. Úrslit mótsins urðu sem hér segir:



Aldrei þessu vant var Brynjar Níelsson viðeigandi klæddur. Ómar Örn Bjarnþórsson hdl. fylgist með boltanum.



Verðlaunahafar í meistaramóti lögmanna. Frá vinstri: Haukur Örn Birgisson, Einar Oddur Sigurðsson, Gestur Gunnarsson, Gunnar Þór Ásgeirsson og Gísli Hall.

HÖGGLEIKUR ÁN FORGJAFAR:

1. Gunnar Gestsson 77 högg
2. Haukur Örn Birgisson 77 högg
3. Gunnar Þór Ásgeirsson 77 högg

HÖGGLEIKUR MEÐ FORGJÖF:

1. Einar Oddur Sigurðsson 70 högg
2. Gestur Gunnarsson 73 högg
3. Gunnar Þór Ásgeirsson 77 högg

Í keppni án forgjafar voru þrír kylfingar á sama höggafjölda og fór svo að árangur á síðustu sex holum vallarins réðu úrslitum. Eins og oft áður þá var verðlaunapallurinn full einhæfur og náðu verðlaunin ekki að dreifast á keppendur. Nándarverðlaun féllu í hlut þeirra Gísla Hall og Gunnars Ásgeirssonar en högglangsti kylfingurinn þetta árið var Gestur Gunnarsson, sem

tókst að rúlla boltanum sínum örlítið lengra en Andrea Olsen.

Að lokum vill golfnefnd nota tækifærið og skora á kvenkylfinga stéttarinnar að vera duglegri við að taka þátt í golfmótum félagsins. Það er svo leiðinlegt fyrir nefndina að umgangast of mikið af karlmönnum.

Golfnefnd LMFÍ

Ert þú að ganga frá bókhaldinu

og veist ekki hvar þú átt að geyma það?



Hjá okkur eru skjölin þín geymd við fullkomnar aðstæður í nýju öruggu húsnæði. Þú þarft aldrei að hafa áhyggjur af plássleysi, öryggi skjalanna eða því að finna ekki ákveðin skjöl.

Með því að nýta þér þjónustu okkar ert þú komin með framtíðarlausn.

- Betri nýting á húsnæði þínu.
- Yfirlit yfir öll skjöl í geymslu.
- Minni tími fer í leit.
- Allur kostnaður skjalageymslunnar verður sýnilegur.

Hafðu samband og láttu okkur þjónusta þig.

Gagnageymslan ehf.
Smiðshöfði 1, 110 Reykjavík,
sími 587 9800, www.gagnageymslan.is



GAGNAGEYMSLAN
Sími 587 9800



Gerðardómur Alþjóða körfuknattleikssambandsins

ÁRIÐ 2006 SETTI alþjóða körfuknattleikssambandið (FIBA) á fót sérhæfðan gerðardóm til að leysa úr ágreiningi milli félagsliða, leikmanna, þjálfara og umboðsmanna í alþjóða körfuknattleikshreyfingunni. Í fyrstu var dómstóllinn nefndur „FIBA Arbitral Tribunal“ (FAT) en árið 2010 var nafni hans breytt í „Basketball Arbitral Tribunal“ (BAT). Hér eftir verður hann kallaður gerðardómurinn eða BAT.

Gerðardómurinn er viðurkenndur og á ábyrgð FIBA en er þó sjálfstæður. Líkt og á við um gerðardóma almennt er það ekki skylda að leggja ágreining fyrir dóminn heldur verða aðilar að semja um það sín á milli. Slíkt samkomulag er hægt að gera þegar ágreiningur kemur upp eða, líkt og algengast er, í upphafi samningsambands aðila.

Fyrir utan að dómur gerðardómsins eru aðfararhæfir í hverju landi þá fylgir því einnig að ef ekki er framfylgt ákvæðum úrlausnar gerðardómsins getur það haft í för með sér viðurlög af hálfu FIBA. Þau viðurlög geta t.d. verið afturköllun réttinda umboðsmanns, fjársekt, félagsskiptabann, og bann við að skrá nýja leikmenn allt í samræmi við reglur FIBA.

Gerðardómsmeðferð fyrir körfuknattleiksgerðardómnum fellur undir 12. kafla Svissnesku alþjóðlegu einkamálaganna. (Chapter 12 of the Swiss Act on Private International Law (PILA)), óháð því hvar aðilar málsins hafa lögheimili.

Málsmeðferðin

Reglur gerðardómsins eru settar með það að markmiði að skapa einfalda, ódýra og hraða úrlausn ágreingsmála sem tengjast körfuknattleik. Hluti af því ferli er að einungis einn gerðardómari úrskurðar í málum sbr. grein 8.1. í reglum dómstólsins (hér eftir reglurnar).

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. skal notast við ensku undir rekstri málsins nema að gerðardómari¹ ákveði annað. Gerðardómari getur jafnframt að höfðu samráði við aðila máls, ákveðið að málið skuli flutt á öðru tungumáli.

Í 13. gr. er fjallað um munnlega flutt mál og vitnaleiðslur. Samkvæmt þeim getur mál aðeins verið flutt munnlega ef fram kemur krafa um slíkt og gerðardómari samþykkir það. Gerðardómari ákveður svo hvort mál skuli flutt í gegnum síma, í hljóði eða mynd, eða hvort aðilarnir skuli mæta í eigin persónu á dómþing. Dómþing skulu vera lokuð.

Ef gerðardómari ákveður að hlýtt skuli á vitni skal hann brýna fyrir þeim að skýra rétt frá og benda þeim á að rangur framburður geti verið refsiverður. Gerðardómari má kveða á um að munnlegar skýrslur vitna fari einungis fram ef honum sé greidd hæfileg þóknun fyrirfram af öðrum aðila málsins. Aðilar eru sjálfir ábyrgir fyrir því að vitni komi fyrir dómnum og kostnaði sem af slíku hlýst.

Úrlausnir gerðardómsins eru almennt aðfararhæfar

Samkvæmt 2. gr. reglnanna skal sæti gerðardómsins í hverju máli vera í Genf í Sviss. Þetta gildir þrátt fyrir að aðilar ákveði í einstöku máli að halda dómþing í öðru landi og láta jafnvel alla gerðardómsmeðferðina fara þar fram. Aðilar mála hjá dómnum eru iðulega ríkisborgarar sitthvorra landa og því er ekki óalgengt að aðilar frá þremur jafnvel upp í fimm lögsögum standi að hverju máli fyrir sig.

Úrskurðir körfuknattleiksgerðardómsins eru aðfararhæfir í þeim ríkjum sem gerst hafa aðilar að New York samningnum um viðurkenningu og fullnustu alþjóðlegra gerðardóma.² Sérhvert samningsríki er skuldbundið til að viðurkenna og fullnusta úrskurði í samræmi við landslög samkvæmt 3. gr. samningsins. Ríkið getur hinsvegar hafnað viðurkenningu og fullnustu úrskurðar ef gerðarþoli framvísar til rétttra yfirvalda í viðkomandi ríki sönnun þess efnis að einhver skilyrði staflíða a-e í 1. mgr. 5. gr. New York samningsins séu uppfyllt, en þar er fjallað um undanþágur frá viðurkenningu og fullnustu, m.a. um hvort aðila hafi skort hæfi, aðilum hafi ekki verið réttilega tilkynnt um skipun gerðardómara, ágreiningur falli ekki undir gerðarsamning aðila o.s.v. fr. Viðurkenningu og fullnustu getur einnig verið hafnað ef skilyrði a eða b liðar 2. mgr. 5. gr. samningsins eru

¹Gerðardómari er nefndur gerðarmaður í lögum um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989. Í þessari grein verður notað heitið gerðardómari.

²“The Convention on recognition and enforcement of foreign arbitral awards” sem Ísland hefur fullgilt og leitt í lög sbr. lög nr. 53/1989 eins og þeim var breytt með lögum nr. 16/2002.

uppfyllt en þar er mælt fyrir um að sakarefnið sé ekki þannig að úr því verði leyst með gerð samkvæmt lögum þess lands eða að viðurkenning og fullnusta gerðardómsins væri andstæð grundvallarreglum þess lands (*ordre public*).

Hins vegar virðast engin af þeim skilyrðum sem eru tiltekin í 1. mgr. 5.gr. sammingsins eiga við um úrskurði kveðna upp af gerðadómnum. Skilyrði a liðar 2. mgr. 5. gr. virðist ekki heldur eiga við. B liður 2. mgr. 5.gr. virðist vera eina fræðilega vörn gerðarþola gegn úrskurðum gerðadómsins. Sú vörn byggist hins vegar á því að gerðarþola takist að sýna fram á að úrskurðurinn sé andstæður grundvallarreglum (*ordre public*) þess lands þar sem fullnustan fer fram. Sú vörn á þó sjaldnast við og hlýtur að teljast mjög ólíklegt að hún yrði tekin til greina nema í undantekningartilfellum.

Með hliðsjón af ofangreindu er því ljóst að úrskurðir körfuknattleiksgerðardómsins ættu að vera almennt aðfararhæfir í öllum 156 aðildarríkjum sammingsins.³

Hvaða lög gilda um efnislegan ágreining fyrir körfuknattleiksgerðardómnum?

Samkvæmt greinum 15.1 og 15.2 í reglunum skal ágreiningur fyrir gerðadómnum leystur samkvæmt sjónarmiðum um hvað sé sanngjörn og eðlileg niðurstaða (*ex aequo et bono*), nema aðilar ákveða annað. Með öðrum orðum þýðir það að gerðardómari er ekki bundinn af neinum ákveðnum landslögum eða alþjóðalögum við úrlausn efnislegs ágreinings aðila, innan ákveðinna marka. Þetta er talið skapa

mikið hagræði og minnka kostnað því gerðardómari þarf ekki að rannsaka landslög sem gætu átt við um álitaeftni málsins.

Gæti íþróttagerðardómur átt við á Íslandi?

Gerðardómurinn hefur reynt vel. Almenn ánægja er með niðurstöður hans en dómurinn skilaði frá sér 142 úrskurðum á ári, árin 2013 og 2014.⁴ Í ljósi þess hve reynslan hefur verið góð er ekki úr vegi að velja því fyrir sér hvort sambærilegt fyrirkomulag gæti virkað á Íslandi. Það virðist vera orðið nokkuð útbreitt að leikmenn í efstu deildum beggja kynja í þremur stóru boltaiþróttunum fái greitt fyrir að iðka íþróttina. Umtalsverðum fjármunum er velt í þessum þremur stærstu deildum en til dæmis var velta úrvalsdeildarliða í knattspyrnu á Íslandi árið 2013, 1,7 milljarðar.⁵ Þá er og jafnframt að líta til þess að formaður knattspyrnudeildar eins af stærri liðum efstu deildar karla í knattspyrnu lýsti því yfir í viðtali vorið 2015 að liðið sem hann væri í forsvari fyrir væri atvinnumannalið. Að auki má tína til hinar ýmsu deilur sem hafa litið dagsins ljós sem rök fyrir því að grundvöllur gæti verið fyrir stofnun íþróttagerðardóms í einhverri mynd.

Það er hægt að sjá fyrir sér að ÍSÍ eða sambærilegur aðili kæmi á fót íþróttagerðardómi til að leysa úr deilum milli liða, umboðsmanna, þjálfara og leikmanna um fjárhagslega hagsmuni. Gerðardómurinn yrði sjálfstæður en þó viðurkenndur af ÍSÍ og nyti vinnuframlags starfsmanna þess. Að öðru leyti yrði dómurinn sjálfstæður og óháður ÍSÍ. Dómurinn hefði lögsögu í öllum þeim íþróttgreinum sem væru iðkaðar innan ÍSÍ og aðilar hefðu samið um að leggja ágreining fyrir hann.

Gerðardómurinn gæti til dæmis heitið Íþróttagerðardómur ÍSÍ. Hann hefði aðsetur í Reykjavík og liti lögum um sammingsbundna gerðadóma nr. 53/1989, og reglur hans yrðu samdar til að fullnægja þeim kröfum sem þar eru gerðar. Um dóminn yrðu samdar starfsreglur sem og reglur um réttarfar og úrlausn efnislegs ágreinings. Einn gerðardómari myndi leysa úr ágreiningi. Ef hagsmunir málsins væru litlir yrði úrlausnin án rökstuðnings eða með mjög litlum rökstuðningi sbr. 8. gr. laga nr. 53/1989. Efnislegur ágreiningur yrði leystur samkvæmt sjónarmiðum um hvað sé sanngjörn, rétt og eðlileg niðurstaða (*Ex aequo et bono*), þ.e.a.s landslög ættu ekki við um úrlausn efnislegs ágreinings aðila. Lögð yrði áhersla á að halda kostnaði og umfangi niðri og að niðurstaða í máli hlytist með skjótum hætti. Því yrði innheimt hóflegt skráningargjald í upphafi ásamt því að aðilar máls þyrftu að greiða fyrirfram áætlaðan kostnað málsins.

Út úr þessu ferli kæmi úrskurður sem væri aðfararhæfur skv. 1.mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989. Hagræðið af slíkri málsmeðferð gæti verið gríðarlegt fyrir leikmenn, þjálfara, umboðsmenn sem og liðin sjálf þar sem oft er um að ræða hagsmuni sem réttlæta sjaldan málsmeðferð fyrir dómstólum að ónefndri þeirri neikvæðu ímynd sem slíkt getur haft á alla viðkomandi aðila ef málin komast í fjölmiðla.⁶

³Fjöldi ríkja skv. http://www.uncitral.org/uncitral/en/uncitral_texts/arbitration/NYConvention_status.html í september 2015.

⁴http://www.fiba.com/downloads/v3_expe/bat/BATStatistics2007-2014.pdf

⁵Samkvæmt fréttaskýringu Vilhjálmis Andra Kjartanssonar í Morgunblaðinu dags. 30. apríl 2015.

⁶Í stuttri grein sem þessari er ekki hægt að fara út í smáatriði varðandi reglur gerðardóms og atriði því tengdu.

jura®

Fyrir alla sem elska kaffi



EIRVÍK

Opið virka daga frá kl. 10:00-18:00 og laugardaga frá kl. 11:00-15:00 | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

GUNNAR INGI JÓHANNSSON HRL.



Fjórir dómar MDE

Á UNÐANFÖRNUM ÞREMUR árum hefur Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) kveðið upp fjóra dóma gegn íslenska ríkinu, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að dómsúrlausnir íslenskra dómstóla hafi falið í sér brot gegn 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu (MSE). Þetta er um þriðjungur allra mála sem MDE hefur dæmt í gegn Íslandi frá því landið gerðist aðili að MSE. Sami einstaklingurinn, blaðamaðurinn Erla Hlynsdóttir, var kærandi í þremur þessara mála. Meðal skýringa sem hafa heyrst, einkum úr ranni dómara, er hvort lögmennirnir sem ráku málin, hafi ekki vandað nægilega til undirbúnings þeirra fyrir íslenskum dómstólum. Ekki er því úr vegi að fara nánar yfir það á þessum vettvangi.

Vikumál

Í fyrsta málinu sem kært var til MDE hafði eigandi nektardansstaðar stefnt viðmælanda, blaðamanni og ritstjóra tímaritsins Vikunnar fyrir dóm til að þola ómerkingu ummæla, sem höfð voru eftir viðmælandanum, fyrrum starfsstúlku á nektardansstaðnum. Það undarlega atvik átti sér stað við aðalmeðferð málsins í héraði að stefnandi féll frá öllum kröfum á hendur starfsstúlkunni, sem þó hafði látið hin umdeildu ummæli falla, auk þess að greiða allan hennar málskostnað. Málinu hélt hann hins vegar til streitu gegn blaðamönnum. Héraðsdómur sýknaði blaðamennina, m.a. með þeim rökum að viðmælandinn ætti að bera ábyrgð á ummælum sínum. Hæstiréttur sneri héraðsdómi hins vegar við, ómerkti nokkur ummællanna og lagði fébótaábyrgð á blaðamanninn. Rétturinn taldi hann höfund og ábyrgðarmann alls efnis, hvað sem liði ábyrgð viðmælandans, sem ekki var lengur aðili málsins.

Meginniðurstöður MDE í málinu, sem gekk gegn Íslandi, hinn 10. júlí 2012, voru að sérstakar ástæður þyrftu að liggja til grundvallar því að fella ábyrgð á efni viðtala á blaðamenn. Slíkar ástæður væru ekki tilgreindar í dómi Hæstaréttar. MDE tók sérstaklega fram, að stefnanda hafi sannarlega staðið til boða að draga viðmælandann til ábyrgðar, en hafi þess í stað gert dómstátt við hann. Það hafi dregið verulega úr möguleikum blaðamannsins á að halda uppi vörnum. MDE benti á, að þrátt fyrir það hafi blaðamanninum tekist að renna stöðum undir sannleiksgildi ummællanna. Hæstarétti hafi hins vegar algerlega láðst að fjalla um þær varnir. Taldi MDE að spyrja mætti sig hvort blaðamanninum hafi í raun verið gefið sanngjarnt tækifæri til að firra sig ábyrgð í málinu. Með vísan þessa og frekari raka taldi MDE að dómur Hæstaréttar hafi falið í sér brot gegn 10. gr. MSE.

Annað nektardansstaðamál

Mánuði eftir að Hæstiréttur kvað upp dóm sinn í Vikumálinu var blaðamanninum Erlu Hlynsdóttur á dagblaðinu DV, birt stefna þar sem krafist var ómerkingar á ummælum og greiðslu miskabóta vegna ummæla viðmælanda hennar (Erla I). Málið var um margt líkt Vikumálinu. Í málinu var þó ekki einu sinni haft fyrir því að stefna viðmælandanum, heldur aðeins farið á eftir blaðamanninum. Fordæmið var enda komið. Í málinu reyndi lögmaður stefndu að byggja á dómum MDE og riti erlendra fræðimanna um inntak 10. gr. MSE og tjáningarfrelsi fjölmiðla. Allt kom fyrir ekki. Dómur gekk í jolamánuði sama ár og voru kröfur stefnanda, þ. á m. um miskabætur, teknar til greina.

Reynt var að áfrýja málinu til Hæstaréttar, en sækja þurftu um

áfrýjunarleyfi. Rétturinn hafnaði hins vegar beiðninni. Í þeirri ákvörðun fólst að útilokað væri samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að dóminum kynni að verða breytt svo að einhverju næmi, sbr. c-lið 4. mgr. 152. gr. eml. Málið var þá kært til MDE.

Dómur MDE gekk sama dag og í Vikumálinu. Hann var jafn afdráttarlaus hvað varðar niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn 10. gr. MSE. Dómurinn taldi, líkt og í Vikumálinu, undarlegt að stefnandi málsins hefði kosið að reka málið eingöngu gegn blaðamanninum en ekki viðmælandanum. Það takmarkaði varnir blaðamannsins. MDE taldi miklar gloppur í greiningu héraðsdóms á málinu og að rökstuðningur dómsins fyrir niðurstöðunni væri ósannfærandi. Héraðsdómur hefði t.d. fremur litið til tóns ummællanna en merkingar þeirra, dómurinn hefði enga tilraun gert til að greina hvort ummælin væru gildisdómar eða fullyrðingar um staðreyndir og hefði ekki haft neinar forsendur til að dæma málið út frá því hvernig hinn almenni lesandi gæti hafa skilið ummælin. Taldi MDE að efast mætti um að forsendur dómsins hafi í raun haft það að markmiði að vernda æru stefnanda. Það eru þung orð og mjög umhugsunarverð. Einnig verður umhugsunarverð í þessu ljósi sú ákvörðun Hæstaréttar að heimila ekki áfrýjun málsins.

Ekkert svigrúm

Í málinu Erla II hafði eiginkona fyrrum forstöðumanns Byrgisins höfðað mál gegn Erlu vegna blaðagreinar sem hún ritaði. Krafist var ómerkingar á 14 tilgreindum ummælum sem stefnandi taldi meiðandi. Eftirtekjan var þó heldur rýr. Þrettán ummæli, þar á meðal um stórlega siðferðislega ámælisverða háttsemi stefnanda, fengu að standa

þar sem þau þóttu réttmæt. Ein ummæli voru dæmd dauð og ómerk. Hvorugur aðili gat unað við það og áfrýjuðu báðir. Dómur Hæstaréttar gekk í febrúar 2010. Niðurstaðan var að staðfesta sýknu héraðsdóms um hin 13 ummæli. Hvað hin einu ummæli varðaði, sem héraðsdómur hafði ómerkt, taldi rétturinn einungis hluta setningarinnar hafa að geyma ærumeiðingu og rétt væri að lýsa þau orð dauð og ómerk. Stefnandi þurfti þannig að una nær öllum ummælunum. Fyrir það örlitla brot af heildarumfjölluninni, sem taldist hafa að geyma ærumeiðingu í garð stefnanda, mátti blaðamaðurinn þó greiða stefnanda nokkur hundruð þúsund krónur í miskabætur og málskostnað að auki.

Enginn blaðamaður hefði getað unnið innan þess svigrúms sem dómur Hæstaréttar boðaði. Raunar varla aðrar starfstéttir heldur, t.d. lögmenn. Sem fyrr fjallaði rétturinn heldur ekkert um þýðingu 10. gr. MSE, þrátt fyrir mikla fyrirhöfn lögmanna við að leiða þau lagarök fyrir sjónir réttarins, með framlagningu margra dómafordæma MDE, fræðigreina o.fl. Dómur MDE gekk 21. október 2014. Þar segir m.a. að Hæstiréttur hafi ekki byggt dóm sinn á viðeigandi eða fullnægjandi rökum. Fullnægjandi staðreyndagrunnur hafi legið fyrir um hinum þrættu ummæli, þegar blaðgreinin væri skoðuð í heild sinni, en ekki mætti skoða hver ummæli í tómarúmi óháð heildarumfjölluninni, líkt og Hæstiréttur hafði gert.

Litið framhjá prentlögum

Fjórða málið sem kært var til MDE (Erla III), var höfðað í október 2008 gegn Erlu Hlynsdóttur og fyrrum ritstjóra DV vegna tvennra ummæla. Önnur birtust á forsíðu DV og hin í umfjöllun inni í blaðinu. Stefnanda þótti ummælin gefa ranglega í skyn að hann væri fíkniefnasmyglari. Kröfugerð stefnanda var nokkuð sérstök. Þess var krafist að ritstjóri og blaðamaður yrðu látnir bera óskipta ábyrgð á ummælunum. Það gekk í berhogg við skýr fyrirmæli prentlaga sem þá giltu, um skipta ábyrgð. Héraðsdómur sýknaði stefndu af öllum kröfum stefnanda. Málinu var skotið til Hæstaréttar og var dómur kveðinn upp í mars 2010, ári eftir Vikudóminn.

Líkt og í Vikumálinu sneri Hæstiréttur við sýknudómi undirréttar og féllst á kröfu stefnanda um ómerkingu ummæla og fébætur. Það sem kom á óvart í dómi Hæstaréttar var sú ákvörðun að blaðamaður og ritstjóri skyldu bera óskipta ábyrgð á báðum ummælum, þrátt fyrir að óumdeilt væri að blaðamaðurinn hefði ekkert komið að samningu fyrirsagnarinnar á forsíðu og ritstjórnin ekki skrifað fréttina, auk fyrirmæla prentlaga um skipta ábyrgð. Þannig var blaðamaður gerður ábyrgur fyrir tjáningu annars manns, sem hann hafði ekki einu sinni séð. Ekki verður deilt um að ummælin á forsíðunni voru mun alvarlegri en þau sem birtust í sjálfri greininni, enda hafði ritstjórnin búið til æsifréttafyrirsögn úr mjög hlutlægri og vandaðri umfjöllun blaðamannsins.

Dómur Hæstaréttar bar þannig í skauti sér enn ein vágleg tíðindi fyrir störf blaðamanna.

Fimm ár liðu frá því málið var kært og þar til dómur MDE gekk, hinn 2. júní 2015. MDE tók undir allar röksemdir kæranda. Dómstóllinn taldi of langt gengið að refsja blaðmanninum fyrir ummælin sem hún skrifaði í frétt sinni, enda voru þau ekki alvarleg. Þá var MDE algerlega ósammála því mati Hæstaréttar, að slík tengsl hafi verið milli fyrirsagnarinnar á forsíðu og umfjöllunarinnar inni í blaðinu að blaðamaðurinn ætti að bera ábyrgð með ritstjórnunum. Því var talið að niðurstaða Hæstaréttar hefði falið í sér brot gegn 10. gr. MSE um tjáningarfrelsi. Í þessu máli, líkt og öllum hinum, var tekið fram að ekki væri á nokkurn hátt hægt að finna að vinnubrögðum blaðamannsins sem í hlut átti.

Lögmenn þekkja betur en margir að það er mannlegt að skjátlást. Jafnvel enn mannlegra er að kenna lögmönnum um það sem úrskæiðis fer. Eins og ráða má af framangreindri yfirferð er það þó ekki öruggt að sökin fyrir því, að mannréttindadómstóll Evrópu hefur í fjögur skipti á þremur árum talið íslenska ríkið brotlegt gegn mannréttindasáttmála Evrópu, liggi hjá okkur lögmönnum.

Andri Árnason hrl.
Edda Andradóttir hdl., LL.M.
Finnur Magnússon hdl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Simon David Knight
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is



Lögmennastofan Lögsátt ehf. hefur hætt starfsemi. Stofan var stofnuð árið 1997 og fór aðallega með mál á sviði sífja- og erfðamála, auk sáttamiðlunar. Félagið er nú til sölu, ásamt öllu sem því fylgir.

Nánari upplýsingar veitir Björn Geirsson í síma 696 1510

BANG & OLUFSEN



NÝ UPPLIFUN Í HLJÓÐI OG MYND

ORMSSON HEFUR OPNAÐ NÝJA
OG GLÆSILEGA BANG & OLUFSEN
VERSLUN Í LÁGMÚLA 8.

ORMSSON

Lágmúli 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800



B&O
PLAY

B&O PLAY by BANG & OLUFSEN

**NÝ MÁLFLUTNINGS-
RÉTTINDI FYRIR
HÆSTARÉTTI**

Geir Gestsson, hrl.
Mörkin lögmannsstofa
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4100

**NÝ MÁLFLUTNINGS-
RÉTTINDI FYRIR
HÉRAÐSDÓMI**

**Anna María
Gísladóttir, hdl.**
CATO lögmennt
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

**Steinunn
Guðmundsdóttir, hdl.**
Juris slf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 580-4400

**Bergþóra
Halldórsdóttir, hdl.**
Samtök atvinnulífsins
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591-0000

**Sindri M.
Stephensen, hdl.**
Juris slf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 580-4400

**Ingvar
Ásmundsson, hdl.**
Atlantik Legal Services
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 415-4725

**Guðbjörg Anna
Guðbjörnsdóttir, hdl.**
Málflutningsstofa
Reykjavíkur
Kringlunni 7, Hús
verslunarinnar
103 Reykjavík
Sími: 571-5400

**Daníel Thor Skals
Pedersen, hdl.**
Impact lögmennt
Garðastræti 36
101 Reykjavík
Sími: 546-2505

**Óskar Hrafnsson
Bjarnasen, hdl.**
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Sími: 691-1931

**Brynja Björg
Halldórsdóttir, hdl.**
Morgunblaðið
Hádegismóar 2
110 Reykjavík
Sími: 569-1100

Erna Ágústsdóttir, hdl.
Arion banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-7000

**Lárus Gauti
Georgsson, hdl.**
Nönnugötu 7
101 Reykjavík
Sími: 820-6336

**Margrét
Guðjónsdóttir, hdl.**
Lögmennt Laugavegi 7
Laugavegur 7
101 Reykjavík
Sími: 866-9140

**Ragnheiður
Bogadóttir, hdl.**
Skattvís
Skaftahlíð 11
105 Reykjavík
Sími: 552-0488

**Arnfríður Gígja
Arngrímsdóttir, hdl.**
Sérstakur saksóknari
Skúlagötu 17
101 Reykjavík
Sími: 863-6765

**Kristín
Ingileifsdóttir, hdl.**
Sérstakur saksóknari
Skúlagötu 17
101 Reykjavík
Sími: 863-6765

**Gunnar Jóhann
Gunnarsson, hdl.**
Sóltúni 26
105 Reykjavík
Sími: 454-9643

**Úlfar Freyr
Jóhannsson, hdl.**
Reykjavíkurborg
Tjarnargötu 12
101 Reykjavík
Sími: 411-4610

**Guðbjörg Anna
Bergsdóttir, hdl.**
Kirkjubraut 59
780 Höfn í Hornafirði
Sími: 866-8312

**Ómar R.
Valdimarsson, hdl.**
Nóatúni 17
105 Reykjavík
Sími: 517-3100

**ENDURÚTGEFIN
LÖGMANNSRÉTTINDI**

Karl Axelsson, hrl.
LEX lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

**Stefán
Skarphéðinsson, hdl.**
Fálkaklett 14
310 Borgarnes
Sími: 860-9668

**Guðný
Hjaltadóttir, hdl.**
Lögmennt Höfðabakka
Höfðabakka 9
110 Reykjavík
Sími: 587-1286

**Heiðrún Björk
Gísladóttir, hdl.**
Lögfræðistofa
Reykjavíkur
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 848-0565

**Samúel
Gunnarsson, hdl.**
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík
Sími: 694-8837

**Guðrún
Erlendsdóttir, hrl.**
Blikanesi 3
210 Garðabæ
Sími: 554-0464

**Lilja
Aðalsteinsdóttir, hdl.**
Arion banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-7000

**Sigurður Freyr
Sigurðsson, hdl.**
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Sími: 899-1229

**Björgvin Halldór
Björnsson, hdl.**
Lögfræðistofa
Reykjavíkur
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 515-7400

**Eiríkur Áki
Eggertsson, hdl.**
Ríkislögmaður
Hverfisgötu 4-6
150 Reykjavík
Sími: 545-8490

NÝR VINNUSTAÐUR

**Valdemar
Johnsen, hdl.**
Lagarök lögmannsstofa
Síðumúla 27
108 Reykjavík
Sími: 588-1177

**Baldvin
Hafsteinsson, hrl.**
Landspítali
Eiríksögötu 5
101 Reykjavík
Sími: 543-1000

Ingi B. Poulsen, hdl.
Faktum lögmennt
Langholtsvegi 111
104 Reykjavík
Sími: 699-8780

**Ragnheiður Elfa
Porsteinsdóttir, hdl.**
Inceptum
lögmannsstofa
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 516-4000

**Áslaug Björk
Björnsdóttir, hdl.**
Mynta
Ármúla 7
108 Reykjavík
Sími: 569-2000

**Ragnar Þórður
Jónasson, hdl.**
KVASIR lögmennt
Laugavegi 182, 2. hæð
105 Reykjavík
Sími: 555-6000

Hlynur Ingason, hdl.
HI legal
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
Sími: 519-5141

**Jóna Benný
Kristjánsdóttir, hdl.**
Medial ehf.
Fannafold 188
112 Reykjavík
Sími: 544-8650

Eva B. Sólan, hdl.
Lögheimtan ehf.
Laugavegi 99
101 Reykjavík
Sími: 440-7800

**Arna Björg
Rúnarsdóttir, hdl.**
Lögheimtan ehf.
Laugavegi 99
101 Reykjavík
Sími: 440-7800

**Aðalbjörg
Guðmundsdóttir, hdl.**
Sjúkratryggingar Íslands
Rauðarárstíg 10
150 Reykjavík
Sími: 515-0000

**Heimir Örn
Herbertsson, hrl.**
Nestor ehf.
Einimel 5
107 Reykjavík
Sími: 899-7769

Snorri Snorrason, hdl.
Lögmannsstofa
Reykjaness
Hafnargötu 35
230 Reykjanesbær
Sími: 659-4659

NÝTT AÐSETUR

**Karl Georg
Sigurbjörnsson, hrl.**
Lögmannsþjónusta
KGS ehf.
Laugavegi 182, 2. hæð
105 Reykjavík
Sími: 415-0150

Jón Magnússon, hrl.
Ármúla 6
108 Reykjavík
Sími: 568-8500

**Eiríkur S.
Svavarsson, hrl.**
Vík lögmannsstofa
Laugavegi 77, 4. hæð
101 Reykjavík
Sími: 515-0200

**Sigrún Kristmanns-
dóttir Landvall, hdl.**
Landvall lögmannsstofa
Mánagötu 5
105 Reykjavík
Sími: 823-2229

**Grímur
Sigurðarson, hrl**
GS lögmennt
Laugavegi 182
105 Reykjavík
Sími: 415-0515

lifesize



FJARFUNDABÚNAÐUR

Allskonar möguleikar í boði fyrir fjarfundalausnir frá LifeSize.

Allar upplýsingar á heimasíðu LifeSize.. www.lifesize.com og hjá sölumönnum Feris ehf.



Einnig afbragðs myndvarpar frá ViewSonic og Vivitek. og mögnuð sýningartjöld frá Adeo Screen og ScreenInnovation




Perur í flesta myndvarpa til landsins á 2-3 dögum og á fínun verðum.



Dalvegur 16b. 201 Kópavogi. S:5100500

<http://www.feris.is>

Hljóð og myndkerfi frá viðurkenndum framleiðendum, fyrir stofnanir og fyrirtæki af öllum stærðum. Hönnuð og sett upp af sérfræðingum sem kunna sitt fag.





VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is